



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Úrvinnslukenning Pienemanns**

*Tileinkunarstig í millimáli Tomma*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Ragnhildur Þórarinsdóttir**

**Maí 2009**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Íslenska**

# **Úrvinnslukenning Pienemanns**

*Tileinkunarstig í millimáli Tomma*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Ragnhildur Þórarinsdóttir**

**Kt.: 280771-4819**

**Leiðbeinendur: María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir**

**Mái 2009**

## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	4
<b>Inngangur</b> .....	5
<b>1. Saga annarsmálsfræða</b> .....	7
1.1 Sjötti áratugurinn .....	7
1.2 Sjöundi áratugurinn.....	8
1.3 Áttundi áratugurinn .....	9
<b>2. Úrvinnslukenning Pienemanns</b> .....	11
2.1 Zisa-rannsóknin .....	12
2.2 Margvíðalíkanið .....	14
2.3 Tileinkunarstig Pienemanns .....	15
2.4 Hlutverkamálfræðin.....	18
<b>3. Erlendar rannsóknir</b> .....	21
3.1 Rannsókn Gíselu Hákansson .....	21
3.2 Rannsókn Eli Moe.....	25
<b>4. Rannsókn á millimáli</b> .....	29
4.1 Gögn og aðferð .....	29
4.2 Viðtal 1 .....	30
4.3 Viðtal 2 .....	33
4.4 Viðtal 3 .....	35
4.5 Viðtal 4 .....	36
4.6 Niðurstöður.....	37
<b>Lokaorð</b> .....	45
<b>Heimildaskrá</b> .....	46
Fylgiskjal .....	47

## **Formáli**

Á vorönn árið 2008 skráði ég mig í tvö námskeið við Háskóla Íslands, *Að kenna íslensku sem annað mál* og *Ný mál, ný menning*. Í upphafi hafði ég takmarkaða hugmynd um hvað fælist í fyrrnefndum námskeiðum en fljótlega kom í ljós að þau voru mjög áhugaverð og studdu auk þess vel hvort við annað. Annað námskeiðið var hagnýtt og snéri að því hvernig best væri að standa að kenningu á íslensku sem öðru máli, í hinu var fjallað um íslensku og íslenska menningu frá sjónarhorni útlendinga. Bæði námskeiðin fjölluðu ítarlega um máltileinkun á fullorðinsárum og í hverju hún er frábrugðin máltöku móðurmáls. Ekki þarf að orðlengja það frekar en námskeiðin kveiktu áhuga minn á annarsmálsfræðum, sem fram til þessa höfðu verið mér nánast ókunnug. Kennarar beggja námskeiðanna voru María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsóttir. Kynni af þessum anga tungumálsins opnuðu augu mín fyrir því að velja mér lokaverkefni á þessum vettvangi sem ég og gerði. María og Sigríður tóku vel í að leiðbeina mér þegar ég leitaði til þeirra og eftir að hafa valið efni í samráði við þær var hafist handa. Samstarfið við leiðbeinendurna var lærdómsríkt og þakka ég þeim afbragðs góða leiðsögn en afraksturinn má sjá í meðfylgjandi lokaverkefni.

## Inngangur

Manninum er eðlislægt að tileinka sér mál í æsku. Máltaka barna er að því virðist tiltölulega áreynslulaus en um leið ótrúlegt afrek sem ýtir undir þá hugmynd að hæfileikinn til að læra móðurmálið sé meðfæddur. Til samanburðar hafa menn litið á tileinkun barna og fullorðinna á öðru máli en móðurmálinu, sem oft virðist töluvert meiri þrautaganga og spyrja menn sig hvaða þættir spila þar stærsta rullu. Viðfangsefni þessarar ritgerðar er einmitt á vettvangi *annarsmálsfræða* (e. second language acquisition) en til frekari glöggvunar skal þess getið að annarsmálsfræði er haft yfir það svið sem lýtur að kennslu og námi eða tileinkun<sup>1</sup> annars máls. Þrátt fyrir að fræðigreinin sé ekki ný af nálinni hefur ekki farið mikið fyrir henni hér á Íslandi og í raun er það aðeins á síðustu árum sem farið var að einbeita sér markvisst á þessum vettvangi.<sup>2</sup>

Í fyrstu byggðu tilgátur á sviði annarsmáls á rannsóknum á máltöku barna.<sup>3</sup> Síðustu áratugina hefur greininni hins vegar fleygt mikið fram og hafa rannsóknir beinst markvisst að fólki sem er að tileinka sér annað tungumál, hvort sem það er með formlegum eða óformlegum hætti. Fræðimenn innan annarsmálsfræða hafa í seinni tíð nálgast viðfangsefnið frá mjög mismunandi sjónarhornum og tengt það við svið sem eiga rætur að rekja til málvísinda, sálfræði, félagsfræði og uppeldisfræði eins og Mitchell og Myles rekja í bók sinni *Second Language Learning Theories*.

Ritgerðin er byggð upp með þeim hætti að í fyrsta kafla er saga annarsmálsfræða rakin í stuttu máli. Ekki er um ítarlega umfjöllun að ræða heldur er tilgangurinn að gefa hugmynd um með hvaða hætti fræðigreinin hefur þróast. Í kafla 2 er sjónum beint að kenningu sem þýskur fræðimaður að nafni Manfred Pienemann setti fram árið 1998. Kenninguna kallar hann *Processability Theory* sem þýtt hefur verið á íslensku sem *kenning um mögulega úrvinnslu*.<sup>4</sup> Í þessari ritgerð gengur kenningin hins vegar undir nafninu *úrvinnslukenningin* og er það gert í samráði við Maríu Garðarsdóttur og Sigríði Þorvaldsdóttur leiðbeinendur mína. Kenning þessi lýtur að tileinkun annars máls og þróuninni allt frá byrjunarstigi uns tókum hefur verið náð á hinu nýja tungumáli.

---

<sup>1</sup> Í íslensku er venja að nota orðið *máltaka* um það þegar börn læra móðurmálið. Þegar börn og fullorðnir læra seinni mál (eitt eða fleiri) er oft gerður greinarmunur á *námi* sem fer fram með formlegum hætti s.s. í skólastofu eða á námskeiði og *tileinkun* sem fer fram með óformlegum hætti s.s. út í samfélaginu, ómeðvitað eða ómarkvisst málanám.

<sup>2</sup> Hér er ekki úr vegi að benda á nýútkomna bók *Mál málanna* sem er fyrsta sinnar tegundar á íslensku. Í bókinni er fjallað um rannsóknir í annarsmálsfræðum og hafa hugtök verið íslenskuð.

<sup>3</sup> Mitchell og Myles 2004:33-37.

<sup>4</sup> Birna Arnbjörnsdóttir 2007:36.

Úrvinnslukenningin er afrakstur margra ára rannsóknarstarfs Pienemanns og samstarfsmanna hans og því verður forsaga kenningarinnar einnig rakin og sagt frá rannsóknum og hugmyndum sem liggja til grundvallar kenningunni. Í kafla 3 eru teknar fyrir greinar um rannsóknir tveggja þekktra fræðimanna á sviði annarsmálsfræða sem hafa úrvinnslukenningu Pienemanns að útgangspunkti. Í kafla 4 er kynntur erlendur málhafi, Tommi sem var að læra íslensku sem annað mál. Skoðaðar eru fjórar upptökur sem gerðar voru yfir rúmlega sjö mánaða tímabil í þeim tilgangi að sjá með hvaða hætti mál hans þróaðist. Málþróun hans verður síðan borin saman við kenningu Pienemanns til að sjá hvort tileinkun hans fylgi því ferli sem kenning Pienemanns spáir fyrir um. Að lokum er samantekt niðurstaðna og lokaorð.

## 1. Saga annarsmálsfræða

Annarsmálsfræði hafa þróast frá því að vera angi af kennslufræði yfir í það að vera sjálfstætt rannsóknarsvið. Samkvæmt bókinni *Second Language Learning Theories* (sjá heimildaskrá) fer vel á því að skipta þróun fræðigreinarinnar frá 1950 upp í þrjú tímabil. Á árunum milli 1950 og 1960 var formgerðarstefnan allsráðandi innan málvísinda. Sjöundi áratugurinn var mjög litadur af því sem kalla mætti Chomskybyltinguna sem hafði mikil áhrif á máltileinkunarrannsóknir. Að lokum eru það árin eftir 1980 en þá var greinin orðin sjálfstætt og yfirgripsmikið rannsóknarsvið. Í kafla 1.1-1.3 verður farið nánar yfir söguna og er þar að miklu leyti stuðst við annan kafla bókarinnar *Second Language Learning Theories*.

### 1.1 Sjötti áratugurinn

Fyrsta tímabilið nær frá árunum 1950-1960. Eins og áður var nefnt var enn litið á annarsmálsfræðin sem anga kennslufræðanna. Formgerðarstefnan var áhrifamikil í rannsóknum á tungumálum og hafði einnig mikil áhrif á tungumálakennslu. Atferlisstefnan, með Skinner í broddi fylkingar, var ráðandi viðhorf innan kennslufræðanna. Allt nám var talið grundvallast á samspili örvunar og viðbragða. Litið var á máltöku sem hvert annað nám þar sem barn bregst við máláreitum úr umhverfinu og fær viðbrögð, með öðrum orðum barnið hlustar og apar eftir. Þegar kom að námi/tileinkun annars máls vandaðist málið örlítið þar sem málneminn var þegar mótaður af vana móðurmálsins og þurfti því að skipta reglum þess út fyrir nýjar reglur. Móðurmálið var álitnið skipa stórt hlutverk í tileinkun annars máls og reglur móðurmálsins töldust ýmist hefta eða hjálpa til við málanámið, allt eftir því hversu líkar reglur málanna væru. Í ljósi atferlisfræðinnar voru áherslur í málanámi á endurtekningar og aftur endurtekningar. Hugtakið andstæðugreining<sup>5</sup> (e. contrastive analysis) var fundið upp og var notað til að sýna fram á mismun tungumála og hvernig munurinn hefði áhrif á framvindu máltileinkunar.<sup>6</sup>

Seint á sjötta áratugnum magnaðist ágreiningur fræðimanna um aðferðir við málanám. Þar bera hæst ritverk Skinners *Verbal Behavior* (1957), þar sem útlistuð eru viðhorf atferlisfræðinnar, og rit Noams Chomsky *Syntactic Structure* (1959), sem var upphafið

---

<sup>5</sup> Mitchell og Myles 2004:32. Hlutverk fræðimanna var að finna þau atriði sem væru mismunandi milli tungumála. Við kennslu erlendra tungumála er vænlegast til árangurs að einbeita sér að þeim atriðum sem eru ólík móðurmálinu og æfa þau, sem sagt að skipta gömlum reglum út fyrir nýjar.

<sup>6</sup> Svavar Sigmundsson 1987:95-109.

að málkunnáttufræðunum (e. generative grammar). Á sjöunda áratugnum kom Chomsky fram með kenningu um að manningum væri meðfædd *algild málfraeði* (e. universal grammar) sem er kerfi lögmála, sameiginlegt öllum tungumálum. Það sem vegur þyngst í kenningu Chomskys er að tungumál sé of flókið fyrirbæri til að hægt sé að læra það einungis með eftiröpun eða af umhverfinu. Chomsky fullyrðir að manneskjan hljóti að ráða yfir meðfæddum máltökubúnaði sem útskýri hvernig börn ná valdi á tungumálinu á jafn ótrúlega skömmum tíma og tiltölulega áreynslulítið sem raun ber vitni.<sup>7</sup> Víst er að kenning Chomskys markaði straumhvörf í störfum fræðimanna sem fengust við máltökurannsóknir enda kortleggur hún máltökuferli móðurmálsins. Hvað sem því líður þá er kenningin um algilda málfraeði fyrst og fremst kenning um mannlegt mál. Aðalmarkmið Chomskys var að að öðlast þekkingu á mannlegu máli, s.s. hvernig við öðlumst málið og skilgreina hvað felst í því að kunna mál.<sup>8</sup> Þar sem annað mál er mannlegt mál er rökrétt að álykta að algild málfraeði spili einnig hlutverk þar, enda hreyfðu hugmyndir Chomskys ekki síður við þeim sem skoðuðu tileinkun annars máls eins og greint er frá í kafla 1.2.

### 1.2 Sjöundi áratugurinn

Annað tímabilið hefst í kringum 1970. Þegar hér er komið sögu höfðu málkunnáttufræðin að miklu leyti leyst formgerðarstefnuna af hólmi og þrátt fyrir að annarsmálsfræðin hafi ekki verið upphaflegt viðfangsefni í kenningu Chomskys um algilda málfraeði leið ekki á löngu þar til kenningin dró að sér athygli þeirra sem fengust við þau fræði ekki síst vegna þess að mörgum þótti ljóst að ólík formgerð tungumála skipti ekki sköpum um árangur í greiningu á málanámi eins og *andstæðugreiningin* hafði spáð fyrir um.<sup>9</sup> Formgerðir sem eru ólíkar milli mála eru ekki endilega þær sem málnemar eiga í mestum erfiðleikum með og að sama skapi eiga málnemar ekki endilega auðvelt með formgerðir sem eru líkar milli mála. Til dæmis er fleirtala mynduð á nánast sama hátt í ensku og spænsku, þrátt fyrir það sýndu niðurstöður rannsóknar á spænskum enskunemum að þeir áttu í erfiðleikum með fleirtölumyndir enskunnar.<sup>10</sup>

---

<sup>7</sup> Mitchell og Myles 2004:33-37 og 52-62.

<sup>8</sup> Mitchell og Myles 2004:53.

<sup>9</sup> Mitchell og Myles 2004:37.

<sup>10</sup> Mitchell og Myles 2004:38.



Fræðimenn fóru þá í auknum mæli að beina sjónum að málfari nemandans eða því sem kallað er *millimál*<sup>11</sup> (e. interlanguage). Það vakti eftirtekt að þó millimálið væri frábrugðið *markmálinu*<sup>12</sup> (e. target language) á ýmsan hátt þá er það kerfi sem lýtur eigin lögmálum. Villur málnemans voru þá skoðaðar sem vitnisburður um ákveðið þróunar- og tileinkunarferli í málanáminu frekar en að villurnar væru einungis yfirfærsla úr móðurmálinu. Kerfisbundin rannsókn á villum hefur gengið undir nafninu *villugreining* (e. error analysis).<sup>13</sup> Í kjölfar rannsókna á millimáli sáu menn ýmis líkindi með ferli þeirra sem læra annað mál og máltöku barna. Rannsóknir sýna að börn á máltökuskeiði ná valdi á reglum móðurmálsins stigvaxandi og ferlið virðist með svipuðum hætti óháð því hvernig og hvert móðurmál þeirra er. Þetta gaf mönnum ástæðu til að líta svo á að barnamál væri kerfi sem lyti eigin lögmálum sem þýðir m.a. að barn er ekki móttækilegt fyrir leiðréttingum fyrr en það hefur náð ákveðnum stað í ferlinu.<sup>14</sup> Á sama hátt leiddu rannsóknir á millimáli til þeirrar niðurstöðu að málnemar tileinki sér formgerðir markmálsins í sambærilegu stigvaxandi ferli óháð því hvert móðurmál þeirra er.

Á þessum tíma skipuðu einnig meðfæddur hæfileiki mannsins til að læra tungumál (sbr. kenningu Chomskys um meðfæddan máltökubúnað) og samspil hans við það ílag sem nemandinn fær (þ.e.a.s allt málareiti sem nemandinn verður fyrir) stóran sess í rannsóknum á tileinkun annars máls.<sup>15</sup>

### 1.3 Áttundi áratugurinn

Á árunum eftir 1980 tóku annarsmálsfræðin fyrst að mótast sem sjálfstætt fræðasvið og rannsóknir og kenningasmíð uxu í samræmi við það. Tengsl við aðrar fræðigreinar, s.s. hugfræði, taugasálfræði sem og félags- og menningarleg svið tóku að myndast, og hafa þessi þverfaglegu tengsl orðið til þess að auðga skilning manna á viðfangsefninu og gert þeim kleift að nálgast það frá mismunandi sjónarhornum.<sup>16</sup> Margir fræðimenn, s.s. Noam Chomsky, horfa á máltileinkunina eingöngu frá málvísindalegu sjónarhorni og

---

<sup>11</sup> Svavar Sigmundsson 1987:99 er líklega sá fyrsti sem íslenskar hugtökin *markmál* og *millimál*. Millimál er hugtak sem notað er yfir það málkerfi sem hver og einn nemandi þróar með sér eftir því sem náminu vindur fram. Með tilkomu hugtaksins var hætt að líta á mál nemandans sem mál fullu af kjánalegum vitleysum. Sjá Mitchell og Myles 2004:39.

<sup>12</sup> Markmál er hið nýja tungumál sem nemandinn er að læra.

<sup>13</sup> Mitchell og Myles 2004:38.

<sup>14</sup> Mitchell og Myles 2004:33-49.

<sup>15</sup> Mitchell og Myles 2004:4.

<sup>16</sup> Mitchell og Myles 2004:50.

gera skýran greinarmun á máltileinkun og námi. McLaughlin, Anderson og aðrir hugfræðingar álíta hins vegar máltileinkun aðeins eina tegund náms. Þeir síðarnefndu skoða hvernig heilinn vinnur úr nýjum upplýsingum til að skilja máltökufærið meðan hinn fyrrnefndi skoðar málkerfi millimálsins sem grundvallaratriði í skilningi á tileinkuninni. Þá eru ótaldir menn á borð við Long sem horfa á máltileinkunina algjörlega út frá félagslegu sjónarhorni og álíta umhverfisþætti og aðstæður málnemans spila mun stærra hlutverk en áður var talið. Svona mætti lengi tína til nýjar hugmyndir sem sífellt ryðja sér til rúms, ýmist sem viðbætur eða betrubætur á starfi fyrri fræðimanna. Ólíkar nálganir fræðimanna gera það að verkum að örðugt er að rekja söguna eftir 1980 í stuttu máli og verður því látið staðar numið hér en í stað þess bent á bók Rosamond Mitchell og Florence Myles.

## 2. Úrvinnslukenning Pienemanns

Árið 1998 setti Manfred Pienemann fram kenningu um tileinkun annars máls sem hann nefnir *Processability Theory*, í þessari ritgerð nefnd *úrvinnslukenning*. Kenningasmíð Pienemanns fellur undir svið hugfræðinnar (e. cognitive approach). Í stuttu máli líta hugfræðingar á máltileinkunina sem eina tegund náms og að árangursríkast sé að rannsaka hvernig mannsheilinn meðtekur og vinnur úr nýjum upplýsingum til að öðlast skilning á máltileinkunarferlinu.<sup>17</sup>

Sú hugmynd sem Pienemann útfærir í úrvinnslukenningunni er framhald af rannsóknum hans á kennslufræðilegum þáttum máltileinkunarinnar. Árið 1985 setti hann fram kenningu sem gengur undir nafninu *Learnability Theory*. Þar er sjónarhornið líkt og í úrvinnslukenningunni á hvernig ákveðnar formgerðir lærast. Meginatriði þeirrar tilgátu eru eftirfarandi:<sup>18</sup>

1. Stigum í máltökunni er ekki hægt að sleppa.
2. Leiðbeiningar bera mestan árangur ef þær taka mið af formgerðum næsta stigs sem málneminn kemst á.<sup>19</sup>

Í úrvinnslukenningunni skilgreinir Pienemann síðan nánar hvað felst í umræddum stigum (stigin eru rakin í kafla 2.3 hér á eftir) og um leið hvernig málneminn öðlast þekkingu sína og þróar hana áfram stig af stigi. Pienemann styðst við hugmyndir fræðimannanna Bresnan og Kaplan um svokallaðan *málbúnað* (language processor).<sup>20</sup> Í samræmi við hugmyndir þeirra heldur Pienemann því fram að máltileinkunin felist í stigvaxandi þróun málbúnaðarins. Þetta þýðir að á hverju stigi tileinkunarinnar er málneminn aðeins fær um að skilja og beita málfræðilegum formgerðum markmálsins sem búnaður hans ræður við. Þetta er einnig skýrt með því að málnemanum er nauðsynlegt að ráða yfir ákveðinni aðgerðarþekkingu (e. procedural skill)<sup>21</sup> sem gerir honum kleift að vinna með þær formgerðir sem eiga við hverju sinni. Pienemann er síður en svo einn um þá nálgun að máltileinkunin sé tileinkun á aðgerðarþekkingu og má nefna menn á borð við McLaughlin, Hulstijn, Schmidt og Levelt sem allir eiga það

---

<sup>17</sup> Mitchell og Myles 2004: 95.

<sup>18</sup> Ellis 2000:634

<sup>19</sup> Pienemann 1998:250-254; Mitchell og Myles. 2004:116.

<sup>20</sup> Pienemann 1998:5.

<sup>21</sup> Birna Arnbjörnsdóttir 2007:315. Íslenska þýðingu orðsins má finna í atriðaorðaskrá.

viðhorf sameiginlegt.<sup>22</sup> Meginmarkmið úrvinnslukenningarinnar er að gera grein fyrir eðli búnaðarins og rekja með hvaða hætti aðgerðarþekkingin þróast. Sjónarhornið er á úrvinnslu málnemans og því hvernig hann nær smám saman valdi á búnaðinum.<sup>23</sup> Þegar upplýsingar, um hvernig tileinkunarferlið þróast, liggja fyrir telja menn það að sama skapi gera kleift að spá fyrir um með hvaða hætti formgerðir þróast í millimáli málnemans.

Kenning Pienemanns er eins og nefnt var í upphafi þessa kafla afrakstur rannsókna, bæði hans og annarra fræðimanna. Sjálfur hefur Pienemann sagt að vinna hans við Zisa-verkefnið, sem stýrt var af Jürgen Meisel á áttunda áratug síðustu aldar, hafi haft afgerandi áhrif á viðhorf hans til máltileinkunarinnar.<sup>24</sup> Það er því ekki úr vegi að skýra frá verkefninu áður en tileinkunarstigum Pienemanns eru gerð skil enda er það Zisa-verkefnið sem er grunnurinn að úrvinnslukenningunni.

### 2.1 Zisa-rannsóknin

Á árunum 1974-1976 unnu Jürgen Meisel, Manfred Pienemann og Harald Clahsen að tímamótarannsókn í Þýskalandi sem gengur undir nafninu *Zisa (Zweitspracherwerb Italienischer, Spanischer und Portugiesischer Arbeiter)*. Zisa-verkefnið var langsníðsrannsókn sem samanstóð af óformlegum viðtölum og frjálsum samtölum 45 þýskunema sem lærðu þýsku sem annað mál. Þátttakendur voru ítalskir, portúgalskir og spænskir málnemar, á aldrinum fimmtán til fjörutíu og fimm ára. Fæstir þeirra höfðu hlotið formlega menntun og var félags- og menningarlegur bakgrunnur þeirra nokkuð einsleitur. Viðtölin voru tekin upp á segulband og hafa síðan verið margrannsökuð, afrituð og greind. Meginniðurstaða Zisa-rannsóknarinnar benti til að fullorðnir einstaklingar tileinki sér málfræðilega þætti annars máls í stigvaxandi og nokkuð fyrirsegjanlegri röð. Má þar helst nefna að þátttakendur tileinkuðu sér þýska orðaröð með svipuðum hætti óháð því hvert móðurmál þeirra var. Fjölmargir fræðimenn á sviði annarsmálsfræða hafa notað tileinkunarstig Zisa-rannsóknarinnar sem útgangspunkt sinna rannsókna (Schwartz og Sprouse, Clahsen o.fl.) og komist að þeirri niðurstöðu að

---

<sup>22</sup> Pienemann 1998:5.

<sup>23</sup> Pienemann 2005:2.

<sup>24</sup> Pienemann 1998:13.

málmemar virðast feta algild stig.<sup>25</sup> Pienemann og félagar tóku niðurstöður úr Zisa-rannsókninni saman og lýstu þeim í stigvaxandi ferli sem þróast í fimm þrepum.<sup>26</sup>

1. Grunnorðaröð (SVO)  
*Die kinder spielen mit ball* (börnin leika með boltann)
2. Atviksorð fyrst (XSVO)  
*Da Kinder spielen* (þarna börnin leika)
3. Sagnir aðskildar (SVfOV1)  
*Aller kinder muß die pause machen* (öllum börnin eiga að hvíla sig)
4. Umröðun sagnar og frumlags (XVSO)  
*Dann hat sie wieder die knoch gebringt* (þá hefur hún aftur komið með bein)
5. Sögn-síðast í aukasetningum (SOV)  
*Er sagte daß er nach hause kommt* (hann sagði að hann kæmi heim)

Zisa-rannsóknin þykir sýna með afgerandi hætti fram á algild stig máltileinkunar. Þeir fræðimenn sem stóðu að rannsókninni komust engu að síður að því að innan hinna vel skilgreindu tileinkunarstiga voru ýmsir þættir sem geta verið töluvert mismunandi milli málnema. Munurinn getur falist í persónugerð málnemans á þann hátt að þegar kemur að náminu eru sumir málmemar mjög nákvæmir og vandvirkir og bundnir af reglum málsins, meðan aðrir málmemar leggja meiri áherslu á að tala og setja ekki fyrir sig þó að eitthvað vanti uppá nákvæmnina. Sá möguleiki er því fyrir hendi að málnemi sem er á þriðja stigi og er mjög nákvæmur getur verið mun nær markmálinu í allri málbeitingu heldur en málnemi sem er kominn lengra í tileinkunarstigunum. Munurinn getur einnig falist í aðstæðum málnemans og þeim úrræðum sem hann hefur kost á í námi sínu.<sup>27</sup> Þessi mismunur kemur fram í því að þrátt fyrir að allir málmemar fari í gegnum stigin eru tilbrigðin ótalmörg innan hvers stigs. Árið 1981 lögðu þeir Meisel, Clahsen og Pienemann fram útskýringalíkan sem kallast margvíðalíkanið (e. multidimensional model)<sup>28</sup> í þeim tilgangi að að varpa ljósi á breytileika málnema og verður gerð nánari grein fyrir því líkani í kafla 2.2.

---

<sup>25</sup> Í kafla 3 hér á eftir verður fjallað um rannsóknir Giselu Hákansson og Eli Moe.


<sup>26</sup> Mitchell og Myles 2004:114-115.

<sup>27</sup> Ellis 2000:634.

<sup>28</sup> Ellis 2000:381-384.

## 2.2 Margvíðalíkanið

Eins og fyrr var minnst á byggist margvíðalíkanið á niðurstöðum frá Zisa-rannsókninni og var það sett fram árið 1981 af Meisel, Clahsen og Pienemann. Meginmarkmið með líkaninu var að gera grein fyrir tilbrigðum í tileinkunarferlinu. Tilgáta þremmenninganna er að breytileikinn tengist félagslegum þáttum s.s. það hvernig málneminn samsamaði sig samfélagi markmálsins og hvernig félagsleg staða hans væri almennt.<sup>29</sup> Samkvæmt líkaninu eru það bæði meðfæddir (innbyggðir) og ómeðfæddir (utanaðkomandi) þættir sem hafa um það að segja með hvaða hætti og á hvaða hraða tileinkunin gengur fyrir sig. Meðfæddu þættirnir eru sagðir þróast stigvaxandi meðan hinir ómeðfæddu eru sveiflukenndari og fela í sér meiri breytileika. Á mynd 1 má sjá margvíðalíkanið.<sup>30</sup>



Mynd 1: Margvíðalíkan Meisel, Clahsen og Pienemann.

Lóðrétti ásinn kallast tileinkunarás (developmental axis). Hann vísar til sex tileinkunarstigum<sup>31</sup> sem hvert um sig vísa til mismunandi formgerða málsins. Pienemann og félagar halda því fram að allir málnemar feta þessi stig og í sömu röð, það er að segja ef ferlið fær að halda óhindrað áfram. Tímabilið sem tekur að feta stigin er þó breytilegt milli málnema og þeir fara mishratt yfir stigin. Lárétti ásinn kallast tilbrigðaás (variational axis) og vísar til tilbrigða á málfræðireglum málsins sem finnast í millimáli nemenda. Á tileinkunarstigum eitt til þrjú (sjá stig í kafla 2.3) er orðaröðin F-S-A (frumlag-sögn-andlag) *ég fer í dag*. Það er ekki fyrr en á stigi 3 sem máleminn er orðinn fær um að færa orð/liði aftan úr setningum og setja fremst *í dag ég fer* og enn síðar kemur umröðun sagnar og frumlags *í dag fer ég*. Mismunandi tilbrigði geta því birst í setningum málnema, það er að segja áður en hann er kominn á hærra stig og hefur

<sup>29</sup> Pienemann 1998:140-144.

<sup>30</sup> Moe 1997:54

<sup>31</sup> Stigin eru rakin í kafla 2.3 hér á eftir.

tileinkað sér viðeigandi reglur. Það er ýmislegt sem getur haft áhrif á það hvar einstaklingur er staðsettur á tilbrigðaásnum s.s. kyn, aldur, hversu lengi hann hefur verið í landinu, hvernig honum líður, hvort hann fær hvatningu eða ekki o.s.frv. Sömuleiðis getur persónuleiki málnemans haft áhrif. Sumir málnemar eru mjög nákvæmir og passa vel uppá að skrifa rétt og tala rétt sem að vissu leyti bitnar á rennslinu og getur þannig heft þá í tileinkuninni. Aðrir málnemar hella sér af fullum krafti í tungumálið, hugsa mest um það að tala og skiljast þó svo að eitthvað vanti uppá kunnáttuna. Þeir eru ekki bundnir af ströngum málfræðireglum og sleppa jafnvel því sem er ekki nauðsynlegt, að þeirra mati, fyrir tjáskiptin. Tileinkunarásinn og tilbrigðaásinn vísa þannig til tveggja ólíkra vídda en við tungumálanámið staðsetur málneminn sig á báða ásana.<sup>32</sup>

Seinna þróaði Pienemann margvíðalíkanið enn frekar ásamt Johnston, samstarfsmanni sínum í Ástralíu.<sup>33</sup> Í líkaninu er sett fram sú hugmynd að þegar kenna á málnema nýja formgerð beri tilsögn aðeins árangur ef málneminn er tilbúinn til að tileinka sér hana. Þessi sama hugmynd skýtur upp kollinum í Learnability Theory Pienemanns (sem nefnd var í kafla 2) og er einnig sama hugmynd og kemur seinna í úrvinnslukenningu hans. Forsaga úrvinnslukenningarinnar hefur nú verið rakin að verulegu leyti og er þá ekki úr vegi að skoða tileinkunarstigin eins og þau birtast síðar í úrvinnslukenningu Pienemanns.

### *2.3 Tileinkunarstig Pienemanns*

Úrvinnslukenningin er hugsuð sem alhliðarammi sem getur sagt fyrir um þróunarferil annars máls í hvaða tungumáli sem er. Sjónarmiðið er að þróunin feli ekki aðeins í sér tileinkunarstig heldur er einnig tekið mið af mismunandi tilbrigðum í ferlinu með tilliti til mismunar milli einstaklinga. Pienemann setur þróun málnemans upp í sex tileinkunarstig og notar hann stigin frá Zisa-rannsókninni sem grunn í kenningu sinni. Markmið með stiginum er að sýna fram á hvernig málkunnáttan þróast og hvernig málneminn nær smám saman valdi á markmálinu og um leið er ætlunin að gera mönnum kleift að spá fyrir um með hvað hætti úrvinnsla málvísindalegra formgerða fer fram og hvernig málkunnátta annars máls byggist upp. Pienemann heldur því fram að allir málnemar fari í gegnum stigin þegar þeir læra annað mál. Sömuleiðis að allir feti stigin í ákveðinni röð, óháð móðurmáli þeirra eða ytri þáttum, sem er í samræmi við

<sup>32</sup> Útskýringar á margvíðalíkaninu eru fengnar úr grein Eli Moe 1997:53-58.

<sup>33</sup> Ellis 2000:32.

niðurstöður úr Zisa-rannsókninni. Nánari skýringar<sup>34</sup> eru settar við hvert stig til að skerpa enn frekar á einkennum þeirra.

- Fyrsta stig: Á þessu stigi notar málneinn grunnorðaröð (frumlag-sögn-andlag). Ekki fer mikið fyrir sköpun en kunnátta hans miðast að mestu við stök orð og hlunka. Tilfinning fyrir setningarliðum er ekki komin né heldur beyging orða. Orðasambönd á borð við *hvernig hefurðu það?* eða *takk og góða helgi* eru lærd utan að og málneinn hefur ekki tök á því að skipta þeim niður í orð eða orðhluta, hvað þá að skipta út orðum. Hér er orðasafnið að byggjast upp.
- Annað stig: Málneinn styðst enn við grunnorðaröð. Hann er farinn að átta sig á orðflokkum og þar með farinn að flokka orðasafnið í nafnorð, sagnorð o.s.frv. Hann er kominn með tilfinningu fyrir merkingarlegum formdeildum s.s. kyni og tölu nafnorða. Slíkar upplýsingar eru geymdar í orðasafninu og hefur hann því aðgang að þeim. Hins vegar ræður hann ekki við persónubeygingu sagnorða né samræmi lýsingarorðs og nafnorðs þar sem það ræðst af stöðu orðanna innan liðarins eða tengingu við aðra hluta setningarinnar. Þrátt fyrir að persónubeyging sagna sé ekki komin er hann farinn að nota þátíð, sem skýrist af því að formgerðin tíð er tengd orðasafninu en ekki setningafræðilegum upplýsingum. Þátíð er ekki mynduð í samhengi við setningafræðilegar upplýsingar.<sup>35</sup> Í stuttu máli má segja að komnar séu formdeildir sem hafa merkingarlegt hlutverk en ekki þær sem hafa málfræðilegt hlutverk. Á þessu stigi er málneinn hvorki farinn að færa málfræðiupplýsingar á milli liða né innan liða.
- Þriðja stig: Málneinn beitir enn grunnorðaröð. Hér er komin tilfinning fyrir liðum, þ.e.a.s. málneinn áttar sig á því hvar liður byrjar og endar. Hann er því farinn að geta tekið lið eða orð sem standa aftast og setja fremst í setningu. Þetta á við um forsetningarlið eins og *í dag* sem getur ýmist staðið fremst eða aftast í setningu; *ég fór í sund í dag* eða *í dag ég fór í skólann*. Hann er þó ekki farinn að umræða sögn og frumlagi. Málneinn er einnig orðinn fær um að flytja málfræðiupplýsingar innan liða, þ.e.a.s. samræmi er milli aðalorðs og ákvæðisorðs þess. Í nafnlið felur það í sér að lýsingarorð beygist með nafnorðinu sem það stendur með; *fallegur*

---

<sup>34</sup> Skýringar á tileinkunarstigunum eru fengnar úr greinum Giselu Håkansson (2001) og Eli Moe (1997), einnig úr riti Pienemanns (1998) og bók Mitchell og Myles (2004).

<sup>35</sup> Pienemann 2005:12.



*maður, falleg kona.* Sömuleiðis er komin tilfinning fyrir fallbeygingu; falli andlags og hvað það er sem stýrir því.


- Fjórða stig: Málneminn er fær um að flokka og færa orð og liði innan úr setningu og setja fremst eins og í já/nei spurningum; *heitir þú Anna? býrð þú í Bergen?* Þetta þýðir að hann er farinn að brjóta upp grunnorðaröðina og taka lið innan úr setningu, en ekki aðeins aftasta lið eins og áður og setja fremst.
- Fimmta stig: Málneminn er nú komin með góða tilfinningu fyrir því hvað felst í setningu og getur núna flutt liði til innan setningar en ekki bara sett þá fremst eins og áður. Hann er einnig farinn að samræma þætti setningarinnar. Í máli eins og íslensku sem hefur sögn í öðru sæti felur samræmingin m.a. í sér umröðun sagnar og frumlags þar sem það á við: *ég fór í búð í dag, í dag fór ég í búð.* Á þessu stigi er málneminn einnig farinn að persónubeygja sagnir.
- Sjötta stig: Hér er málneminn kominn á lokastigið og hann er þá farinn að mynda flóknar setningar sem innihalda aðal- og aukasetningar. Með því er hann farinn að flytja til upplýsingar á milli setninga. Hann fæst við beygingar sem eru bundnar ákveðinni setningagerð s.s. viðtengingarhátt.

Eins og komið hefur fram er reiknað með að hvert stig standi fyrir ákveðnar formgerðir. Á hverju stigi er reiknað með að málneminn geti aðeins notað og skilið þær formgerðir (beygingarreglur og setningagerð) markmálsins sem búnaður hans hefur náð tökum á. Gert er ráð fyrir að reglum sem tilheyra lægra stigi sé náð áður en farið er upp á næsta stig. Þannig þarf málneminn fyrst að byggja upp orðasafn<sup>36</sup> markmálsins áður en hann fer að reyna við beygingar (merkingarfræðilegar og síðar málfræðilegar), málneminn þarf að ná tökum á beygingum orðanna áður en hann fer að mynda setningarliði og hann þarf að átta sig á setningarliðum og byggingu þeirra áður en hann getur farið að tengja liði saman í setningar og í framhaldi myndað málsgrein sem inniheldur jafnvel aukasetningu. Þetta ferli samræmist vel Learnability Theory Pienemanns, sem minnst var á hér að framan, þar sem því var haldið fram að leiðbeiningar bera mestan árangur ef þær taka mið af málfræði þess stigs sem málneminn kemst næst á í tileinkunni. Á þennan hátt færast nemandinn eftir hríslunni eins og sjá má á mynd 2. Það er einmitt

---

<sup>36</sup> Orð er hér notað í víðari skilgreiningu en gengur og gerist og á einnig við frasa (hlunka) s.s. *hvað segirðu?*

þetta stigveldi og flutningur á málfræðilegum upplýsingum sem er kjarni úrvinnslukenningar Pienemanns.<sup>37</sup>



Mynd 2: sýnir hvernig málneminn færir upp í kvíslgreiningunni.

Pienemann telur að ekki sé mögulegt að sleppa úr stigi en tekur fram að nemendur fari mishratt yfir stigin. Í framhaldi hlýtur sú spurning að vakna hvað gerist ef málnemi stekkur yfir eða sleppir stigi. Pienemann telur að ef stokkið sé yfir stig þá slitni stigveldið, þar sem hvert þrep krefjist úrvinnslu á aðferðum sem þróaðar hafa verið á undanfarandi stigi. Afleiðing þess að sleppa úr stigi er að gap myndast í ferlinu. Slíkt gap geri nemandanum einfaldlega ekki mögulegt að ná formgerðum markmálsins eða með orðum Pienemanns „If one building block of the hierarchy is missing, the top cannot be reached.“<sup>38</sup>

Ljóst er af því sem undan er rakið að mikilvægur hlekkur í úrvinnslukenningunni er sú staðreynd að þróun málnemans býr við ákveðnar hömlur, svokallaðar úrvinnsluhömlur (e. processing constraints). Leið hans að markmálinu er þannig hamlað af uppbyggingu málbúnaðarins og getu hans til að vinna úr upplýsingum.<sup>39</sup>

#### 2.4 Hlutverkamálfræðin

Eins og þegar hefur verið rakið er kenningu Pienemanns ætlað að útskýra eðli búnaðarins sem stýrir þeirri aðgerðarþekkingu sem málneminn beitir á tungumálið og um leið er úrvinnslukenningunni ætlað að rekja ferlið og svara því hvers vegna málnemar fylgja algildum stigum í tileinkuninni. Til þess að kortleggja tileinkunarferlið

<sup>37</sup> Pienemann 1998:14.

<sup>38</sup> Pienemann 1998:13.

<sup>39</sup> Pienemann 2005:2.

styðst Pienemann við hlutverkamálfræðina (e. Lexical Functional Grammar). Það voru fræðimennirnir Kaplan og Bresnan sem settu hlutverkamálfræðina fram á áttunda áratugnum og markaði kenningin þáttaskil á sviði málsálarfræðinnar. Tilgangur með hlutverkamálfræðinni var að hanna kenningu um málfræði sem stæði einnig fyrir og lýsti málkunnáttunni og samræmdu hugmyndum hugfræðinnar um málferlið í heild.<sup>40</sup> Ástæðan fyrir því að Pienemann hefur valið hlutverkamálfræðina umfram aðrar kenningar, s.s. kenningu Chomskys um allsherjarmálfræðina, er að hlutverkamálfræðin leggur áherslu á sálfræðilegan þátt máltileinkunarinnar á meðan áhersla innan allsherjarmálfræðinnar er einkum á málkerfið og þar er málkunnáttan aðgreind frá öðrum vitsmunum.<sup>41</sup> Í stuttu máli má segja að hlutverkamálfræðin færi svið málvísindanna og málsálarfræðinnar nær hvort öðru.<sup>42</sup>

Innan hlutverkamálfræðinnar er leitast við að lýsa málkunnáttu málnemans jafnt og úrvinnslu hans á málfræðilegum formgerðum. Þar ber hæst stigvaxandi færni í að samræma aðgerðir (e. feature unification), en það felst í flutningi málfræðilegra upplýsinga milli orða eða liða þannig að allir þættir setningar passi saman. Hér er átt við sambeygingu orða, samræmingu á kyni greinis og nafnorðs, samræmingu á tölu sagnar og frumlags o.s.frv.<sup>43</sup> Því má segja að hlutverkamálfræðin samræmist vel markmiðum Pienemanns sem er einmitt að skoða úrvinnslu málfræðilegra formgerða og hvernig málkunnáttan byggist upp stig af stigi.

Fjöldi fræðimanna hefur haft kenningu Pienemanns sem útgangspunkt sinna rannsókna.<sup>44</sup> Í þessari ritgerð verður fjallað um rannsóknir tveggja fræðimanna, Giselu Håkansson og Eli Moe en þær hafa báðar unnið rannsóknir með hliðsjón af úrvinnslukenningu Pienemanns.

---

<sup>40</sup> Pienemann 1998:44 og 93-98.

<sup>41</sup> Mitchell og Myles 2004:95.

<sup>42</sup> Pienemann 1998:44.

<sup>43</sup> Pienemann 1998:91-98.

<sup>44</sup> Sjá t.d. María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir 2007 og Martin 2002.



### 3. Erlendar rannsóknir

Gisela Håkansson og Eli Moe hafa báðar rannsakað millimál annarsmálsnema.<sup>45</sup> Rannsóknir þeirra sem hér eru til umræðu eru ólíkar en eiga það sameiginlegt að styðjast báðar við algild tileinkunarstig sem fjallað hefur verið um hér að ofan. Megintilgangur Giselu Håkansson var að kanna vægi móðurmáls í tileinkun annars máls og voru þátttakendur í rannsókninni sænskir grunnskólanemar sem voru að læra þýsku. Á hinn bóginn var megintilgangur Eli Moe að kanna hvort samhengi væri milli málþróunar, málbeitingar og málkunnáttu.<sup>46</sup> Hún skoðaði prófstíla fullorðinna einstaklinga sem höfðu dvalið mislengi í Noregi, með mismunandi móðurmál en voru allir að læra norsku sem annað mál.

Umfjöllunin hér á eftir verður hvorki nákvæm lýsing á aðferðum þeirra né á útkomu rannsóknanna heldur verða dregin fram markverðustu atriðin sem þar koma fram.

#### 3.1 Rannsókn Giselu Håkansson

Rannsókn Giselu Håkansson er ætlað að styðja algild tileinkunarstig Pienemanns og um leið að andmæla fullyrðingum þeirra sem hafa haldið því fram að yfirfærsla frá móðurmáli skipti meginmáli í tileinkun annars máls. Umræða fræðimanna í gegnum tíðina hefur snúist talsvert um áhrif móðurmálsins við tileinkun annars máls og hefur menn greint á um vægi þess. Árið 1994 settu fræðimennirnir Schwartz og Sprouse fram tilgátu um fulla yfirfærslu (Full Transfer Model) þar sem gengið er út frá því að í upphafi styðjist málmenning nær eingöngu við málfræði móðurmálsins og yfirfæri reglur þess yfir á það mál sem hann er að læra.

Håkansson nefnir tvö veigamikil atriði sem hún telur að fræðimönnum hafi í gegnum tíðina yfirsétt þegar þeir hafa haldið á lofti hugmyndum um yfirfærslu. Annars vegar er það mikilvægi þess að bera saman millimál nemanda sem hafi mismunandi móðurmál. Hins vegar telur hún að huga þurfi að ört vaxandi hópi málmenninga sem hafa fleiri mál en móðurmálið í farteskinu sem geti leitt til yfirfærslu frá fleiri málum. Håkansson heldur því fram að formgerðir sem á yfirborðinu gætu virst vera yfirfærsla séu í raun og veru

<sup>45</sup> Rannsókn Giselu Håkansson birtist árið 2001. Rannsókn Eli Moe birtist árið 1997.

<sup>46</sup> Mitchell og Myles 2004:56 og 96. Innan annarsmálsfræða er málkunnáttan, í stuttu máli, skilgreind sem hið óhlutstæða (abstract) málvísindalega kerfi sem málfræði annars máls grundvallast á og snýr að þróun þessa kerfis. Málbeitingin snýr að því hvernig málið er notað í daglegu lífi. Í mikilli einföldun má e.t.v. segja að málkunnáttan sé málderfið sem nemandinn býr yfir en málbeitingin er hvernig nemandinn beitir kunnáttunni í málinu.

partur af algildum tileinkunarstigum Pienemanns. Hún bendir einnig á að fram til þessa hafi tilgátur um fulla yfurfærslu ekki gert ráð fyrir yfurfærslu frá öðru tungumáli en móðurmálinu.<sup>47</sup> Rannsókn hennar á sænskum grunnskólanemum sem voru að læra þýsku styðja tilgátu hennar eins og sýnt verður hér á eftir. Formgerðir sem skoðaðar voru í rannsókn Håkansson voru; a) umröðun sagnar og frumlags (e. subject-verb inversion), b) staðsetning höfuðorðs innan liða (e. headedness) og c) samræmi milli frumlags og sagnar (subject-verb agreement). Enska er kennd í grunnskólum í Svíþjóð, því gerir Håkansson ráð fyrir að yfurfærsla sé einnig möguleg úr ensku. Håkansson byrjar því á að bera saman formgerðir viðkomandi mála; sænsku (L1), ensku (L2) og þýsku (L3),<sup>48</sup> bæði þætti sem eru sameiginlegir og eins þá sem eru ólíkir. Þetta gerir hún til að sýna hvar möguleiki er á yfurfærslu og þá hvaðan hugsanleg yfurfærsla komi (úr sænsku eða ensku) eða hvort alls ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að málneminn beiti yfurfærslu heldur styðjist við algildu tileinkunarstigin sem kenning Pienemanns spáir fyrir um. Til hægðarauka setur Håkansson sameiginleg einkenni tungumálanna á umræddum formgerðum upp í meðfylgjandi töflu.<sup>49</sup>

Tungumál	Sameiginleg einkenni
Þýska og sænska	Sögn í öðru sæti
Enska og sænska	Höfuðorð stendur fremst í liðnum
Þýska og enska	Samræmi milli frumlags og sagnar

Tafla 1: Sameiginleg formgerðareinkenni milli ensku, sænsku og þýsku.

Í framhaldi verður litið á hvernig Håkansson túlkar niðurstöður á hverri formgerð fyrir sig.<sup>50</sup>

- a) Umröðun sagnar og frumlags: Bæði sænska og þýska eru V2 mál þ.e. sögnin er alltaf í öðru sæti í hlutlausri frásögn aðalsetninga. Frumlagið er ýmist á undan eða eftir sögninni. Ef setningin byrjar á öðrum lið en frumlagi hafa bæði málin umröðun sagnar og frumlags líkt og við þekkjum í íslensku *ég fór í sund í dag* eða *í dag fór ég í sund*. Håkansson segir erfitt að meta ástæðu þess að margir þátttakendur höfðu þetta atriði rétt og hvort það byggðist á því að þeir beittu

<sup>47</sup> Håkansson. 2001:1-2.

<sup>48</sup> L1 er móðurmál sænsku málnemanna, L2 er enska en það er málið sem málnemarnir hafa lært næst á eftir móðurmálinu og L3 er þýska sem er þriðja málið sem málnemarnir læra.

<sup>49</sup> Håkansson. 2001:6-7.

<sup>50</sup> Håkansson. 2001:7-14.

yfirfærslu af sænsku eða hvort um væri að ræða lærða aðferð þar sem lögð væri mikil áhersla á umröðun í þýskukennslu í skólum. Þeim sem gekk illa með umröðun sýndu töluverðan óstöðugleika, þeir ýmist slepptu frumlaginu, umröðuðu ekki eða umröðuðu í einhverjum tilfellum. Sé tekið mið af formgerðum málanna telja e.t.v. einhverjir að hægt sé að útskýra skort á umröðun sem yfirfærslu úr ensku en notkun á umröðun sem yfirfærslu úr sænsku. En eins og Håkansson bendir á er það þessi óstöðugleiki á málbeitingu þátttakendanna sem gerir tilgátu um yfirfærslu vafasama. Stóra spurningin: Af hverju yfirfæra þeir ekki alltaf og þá alltaf úr sama málinu?

- b) Staðsetning höfuðorðs innan liðar: Tungumál staðsetja höfuðorð liða ýmist fremst eða aftast. Sænska og enska hafa höfuðorðið fremst í sagnliðnum: *han köpte en bok* og *he bought a book* (fylliliðurinn kemur á eftir höfuðorðinu). Þýska hefur hins vegar höfuðorðið aftast í liðnum í sagnliðnum þegar sagnliðurinn er samsettur: *Er hat ein Buch gekauft*. Þátttakendum gekk flestum vel með þetta atriði sem gengur þvert gegn tilgátu um yfirfærslu þar sem bæði sænska og enska eru ólík þýsku hvað þessa formgerð varðar.
- c) Þýska hefur samræmi milli frumlags og sagnar. Sænska hefur aftur á móti ekki þetta samræmi en enska að hluta til sem birtist í þriðju persónu eintölu /s/. Það merkilega er að í rannsókninni kom fram að þetta samræmi virðist haldast í hendur við umröðun sagnar og frumlags, þ.e.a.s ef málneminn notaði umröðun persónubeygði hann einnig sagnir. Þetta kemur alls ekki heim og saman við tilgátu um yfirfærslu þar sem sænska hefur umröðun en ekki persónubeygingu sagna og enska hefur sagnbeygingu að hluta en ekki umröðun. Hins vegar spáir kenning Pienemanns fyrir um það að umröðun og persónubeyging sagna fylgist að og komi á stigi 5.<sup>51</sup>

Í ljósi samanburðar tungumálanna þriggja, ensku, sænsku og þýsku telur Håkansson ekki hægt að sýna fram á yfirfærslu í millimáli málnemanna, hvorki úr ensku né úr móðurmáli þeirra. Á hinn bóginn telur hún líklegt að samband sé á milli árangurs málnemanna og tileinkunarstiga Pienemanns, þar sem hægt sé að útskýra árangur þeirra út frá því á hvaða stigi þeir voru staddir. Óstöðugleika sem kom t.d. fram í umröðun

---

<sup>51</sup> Lýsingu á stigi 5 má sjá á í kafla 2.3 í ritgerðinni.

sagnar og frumlags telur hún að rekja megi til þess að málnemar hafi verið nýkomnir á viðkomandi stig.<sup>52</sup>

Tilgáta Schwartz og Sprouse um fulla yfurfærslu, sem nefnd var í upphafi kafla 3.1, var reynd á tyrkneskum þýskunema. Håkansson bar saman millimál sænsku nemanna úr sinni rannsókn við gögn frá millimáli tyrkneska málnemans. Tilgáta Håkansson er að ef kerfisbundinn munur komi fram í millimáli þeirra gæti það verið vísbending um yfurfærslu frá móðurmáli, þar sem móðurmál þeirra eru ólík (sænska og tyrkneska). Ef hins vegar formgerðir millimálanna væru sambærilegar þyrfti að ganga út frá öðrum forsendum en yfurfærslu. Samanburður Håkansson á millimáli sænsku málnemanna og þess tyrkneska gaf vísbendingar um að setningafræðilegar reglur birtust í sömu röð hjá þeim. Sú staðreynd að sænskan hefur fleiri formgerðir sameiginlegar með þýsku heldur en tyrkneska virðist ekki breyta nokkru þar um, en ætti þó að hafa þau áhrif að millimál hópanna væru ólík.<sup>53</sup>

Håkansson segir niðurstöðurnar sýna að hugmyndir um yfurfærslu séu mun flóknari en haldið hafi verið fram í Full Transfer Model. Hún áréttar mikilvægi þess að bera saman millimál málnema sem hafi ólík móðurmál til þess að hægt sé að fá ótvíræðar vísbendingar um yfurfærslu í millimálinu. Til þess að öðlast meiri skilning á hlutverki yfurfærslu þurfi betrumbætt líkan sem taki mið af einstaklingsbundnum tilbrigðum og sem geti spáð fyrir um hvaðan yfurfærslan komi.<sup>54</sup>

---

<sup>52</sup> Håkansson 2001:7-11.

<sup>53</sup> Håkansson 2001:2

<sup>54</sup> Håkansson 2001:18.



### 3.2 Rannsókn Eli Moe

Grein Eli Moe (1996) Generell spráktame og sprákutvikling fjallar um samband málbeitingar og málþróunar í tengslum við margvíðalíkan Pienemans og Johnstons og tileinkunarstig Pienemanns. Rannsóknina gerði hún á fullorðnum málnemum, sem höfðu dvalið mislengi í Noregi og höfðu mismunandi móðurmál en voru allir að læra norsku sem annað mál. Rannsóknin byggðist á stílum sem málnemarnir skrifuðu og Moe ber setningarlegar formgerðir sem málnemar nota í stílunum saman við tileinkunarstigin í kenningu Pienemanns annars vegar og einkunn sem málnemarnir fengu úr því prófi sem stílarnir voru hluti af hins vegar. Með þessari aðferð vill hún komast að því hvort tileinkunarstig Pienemanns spái rétt fyrir um raunverulega málhæfni málnema. Eða með öðrum orðum skoðar hún gögnin í þeim tilgangi að varpa ljósi á samhengi milli málbeitingar, málþróunar og algildu tileinkunarstiganna.<sup>55</sup> Aðferðin sem hún beitti var að greina hvern stíl fyrir sig, greina í hvaða mæli málnemar beittu ákveðnum formgerðum, fjölda tilfella o.s.frv. Út frá því staðsetti hún stíla á viðeigandi tileinkunarstig. Í framhaldi skoðaði hún hvort samhengi væri á milli þess stigs sem stíll lenti á og útkomu málnemans á prófinu. Moe skoðaði einnig hvort tileinkunars margvíðalíkansins geti sagt til um málkunnáttu málnema á sama hátt og líkanið segir fyrir um tileinkunarferlið.<sup>56</sup>

Fræðimenn sem vinna út frá tileinkunarstigunum beita mismunandi aðferðum við að staðsetja málnema á stigin. Pienemann telur að í fyrsta sinn sem formgerð sé beitt sé rétt að staðsetja málnemann á það stig sem við á. Eitt skipti sýni einfaldlega að ferlið sé komið í gang en hefur ekkert með það að gera hvort formgerðin sé meðvituð eða ósjálfráð. Sjónarhorn Pienemanns á millimálið er fyrst og fremst bundið við tileinkunarferlið. Hann horfir á hvernig málneminn tileinkar sér málið og hvernig hann öðlast smám saman meiri úrvinnsluhæfni til þess að vinna úr og vinna með málfræðilegar upplýsingar. Pienemann rannsakar hvernig aukin kunnáttu opnar möguleika á flóknari formgerðum fyrir málnemann til að vinna úr. Þar af leiðandi álitur Pienemann mikilvægan punkt í tileinkunarferlinu vera þegar vísir að formgerð birtist hjá

---

<sup>55</sup> Hugsunin í þessu er að málkunnáttan endurspeglast ekki alltaf í málbeitingunni því málnemi hefur oft meiri kunnáttu en kemur fram í málbeitingu hans.

<sup>56</sup> Stílunum er ætlað að segja til um málbeitingu málnemanna, prófinu er ætlað að segja til um málkunnáttu þeirra og tileinkunarstigin segja frá ferlinu. Með því að bera þessa hluti saman er Moe að athuga hvort samhengi sé á milli þessara þátta í máltileinkuninni.

málmennum, óháð hversu oft viðkomandi formgerð birtist. Á hinn bóginn eru fræðimenn sem einbeita sér frekar að málbeitingunni en málþróuninni og telja þeir að viðeigandi formgerð þurfi að vera beitt rétt í 80% - 90% tilfella áður en málnemi er staðsettur á viðeigandi stig. Þeir skoða helst hvernig málbeiting málnema sker sig frá markmálinu og í þeim tilgangi er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir magn og gæði millimálsins á ákveðnum tímamarki.<sup>57</sup> Moe bendir á að mat manna á tileinkunarstigunum haldist í hendur við sjónarhorn þeirra á millimálinu. Á vissan hátt má e.t.v. líta svo á að sjónarhorn Pienemanns sé inná við, hvað það er sem gerist í huga málnemans óháð því hvað hann lætur frá sér fara meðan þeir sem horfa á málbeitinguna horfa mest á það mál sem málneminn lætur frá sér fara, þ.e.a.s. það sem kemur fyrir augu og eyru viðtakanda.

Þegar Moe mat stíllana í fyrstu hafði hún sama viðmið og Pienemann, áleit sem sagt að eitt tilfelli væri nóg. Við síðari rannsókn á stílnum taldi hún að þörf væri á flóknari mælikvarða til að fá sem gleggsta mynd af málkunnáttu þeirra. Moe leggur því til enn eina aðferð við að staðsetja málnema á tileinkunarstigin. Hún vill setja upp fjóra mælipunkta: a) eitt tilfelli um notkun á ákveðinni formgerð = M1, b) tvö tilfelli um notkun á ákveðinni formgerð = M2, c) rétt formgerð í 51% tilfella = M51, d) rétt formgerð í 80% tilfella = M80.<sup>58</sup> Síðan tekur Moe hvern stíl og telur tilfelli af hverri formgerð fyrir sig. Eftirfarandi tafla sýnir útkomu á skráningu stíllanna og er hér látin fylgja með til að gefa yfirsýn yfir vinnubrögð Moe.<sup>59</sup>

<b>Tileinkunarstig</b>	<b>M1</b>	<b>M2</b>	<b>M51</b>	<b>M80</b>
3	3	15	24	29
4	2	1	4	7
5	27	31	21	19
6	33	18	16	10

Tafla2: Skrásetning Moe á stílnum með stuðningi frá tileinkunarstigunum.

Í fyrsta dálknum standa tölurnar 3, 4, 5 og 6 fyrir tileinkunarstig Pienemanns. Í öðrum dálki standa tölurnar 3, 2, 27 og 33 fyrir hversu margir stílar falla undir hvert

<sup>57</sup> Moe 1997:60-64; sjá einnig Mitchell og Myles 2004:52 og áfram, umfjöllun þeirra um málbeitingu og málkunnáttu.

<sup>58</sup> Moe 1997:63-64.

<sup>59</sup> Moe 1997:67.

tileinkunarstig fyrir sig þegar kvarðinn M1 er notaður. Þegar lesið er úr öðrum dálki má sjá að þrjár stílar lentu á stigi 3 með M1, tveir stílar á stigi 4 með M1, o.s.frv. Þriðji dálkurinn sýnir hversu margir stílar lentu á hverju stigi fyrir sig þegar kvarðinn M2 var notaður. Fjórði dálkur sýnir hversu margir stílar lentu á hverju stigi fyrir sig þegar kvarðinn M51 var notaður og fimmti dálkur sýnir hversu margir stílar lentu á hverju stigi þegar kvarðinn M80 var notaður. Samanburður á öðrum og þriðja dálk sýnir að þegar M2 er notaður lenda færri stílar á stigi 6 en þegar M1 er notaður.

Með aðferð Moe er eitt tilfelli af formgerð talið nægjanlegt til þess að staðsetja stíl á viðkomandi stig en stílnir eru auk þessa staðsettir á fjóra mismunandi mælipunkta. Þessi aðferð veldur því að flestir stílnir sem lenda á tveimur efstu stigunum eru með mælipunkt M1 og M2 meðan þeir sem lenda á stigi 3 og 4 eru með mælipunkta M51 og M80 (rétt formgerð í 51% og 80% tilfella). Þannig getur málnemi sýnt dæmi um rétta notkun á formgerð í einhverju tilfelli en notkunin er ef til vill óstöðug og með tilkomu mælipunktanna flakka margir stílar á milli stiga. Eftir ítarlegt mat og útreikninga á tengslum þessara tveggja breytna (þ.e. tileinkunarstiga og mælipunkta) verður lokaútkoman sú að mun fleiri stílar enda á stigi þrjú og fjögur en gerðu í fyrri rannsókninni þar sem gengið var út frá því að aðeins eitt tilfelli af réttri formgerð nægði, þá enduðu flestir stílnir á stigi fimm og sex.<sup>60</sup>

Rannsókn Moe sýndi fram á að fylgni væri milli tileinkunarstiga og málbeitingar þ.e.a.s. í stílnum kom fram að þátttakendur hafa náð valdi á ákveðnum formgerðum undan öðrum og í ákveðinni röð sem styður margvíðalíkanið.<sup>61</sup> Samanburður á tileinkunarstigum og útkomu málnema í prófinu sýndi einnig að samhengi væri þar á milli (þ.e. milli þess tileinkunarstigs sem stíll málnemans var staðsettur á og þess hvernig honum gekk í prófinu). Moe segir að reyndar hafi komið í ljós að tengslin voru missterk eftir því hvar prófin voru lögð fyrir, en þau fóru fram á þremur stöðum, í Þrándheimi, Hamar og Bergen. Hún segir staðsetninguna geta hafa skipt máli og koma þar nokkrir þættir til greina. Eitt er það að niðurstöður gætu hafa verið túlkaðar á mismunandi hátt eftir því hver fór yfir prófið á hverjum stað, hóparnir gætu einnig hafa verið mismunandi samsettir eftir stöðum (með tilliti til móðurmáls málnemanna o.fl.).

---

<sup>60</sup> Moe 1997:69.

<sup>61</sup> Moe 1997:68-69.

Áherslur í málakennslunni geta sömuleiðis verið mismunandi eftir stöðum en það gæti haft í för með sér að prófið hafi höfðað misvel til þátttakenda.

Hér þykir ekki ástæða til að rekja niðurstöður rannsóknarinnar frekar. Það sem vegur þyngst í greiningu Moe er hvernig mismunandi mælikvarðar hafa áhrif á niðurstöður þegar millimál er metið. Þar koma helst inn ólík sjónarhorn fræðimanna og hvernig þeir nálgast millimálið með ólíkar áherslur. Annars vegar þeir sem skoða málbeitingu málnemans og hins vegar þeir sem skoða tileinkunarferlið. Moe vill horfa á tileinkunarferlið og málbeitinguna sem tvær hliðar sama tenings. Fræðimenn sem rannsaka millimál eru fyrst og fremst að fást við mannlegt mál og hljóta því að taka bæði mið af því hvernig málneminn öðlast málið og hvernig hann beitir því. Moe segir vænlegast til árangurs að skoða þessa þætti í samhengi, slíkt muni skila sér í betri fræðimennsku.

Í næsta kafla verður sagt frá rannsókn sem gerð var á búlgönskum málhafa sem var að læra íslensku sem annað mál.

#### 4. Rannsókn á millimáli

Í undanfarandi köflum hefur verið rætt um úrvinnslukenningu Pienemanns sem ætlað er að varpi ljósi á hvernig málnemar vinna úr málfræðilegum upplýsingum og einnig hvernig geta þeirra til að vinna úr upplýsingum þróast áfram stig af stigi. Umfjöllun um rannsóknir Giselu Håkansson og Eli Moe (sjá kafla 3) veitti frekari innsýn í notkunargildi kenningarinnar og gaf hugmynd um hvernig kenningin nýtist sem öflugt hjálpartæki við rannsókn á millimáli. Í þeirri trú að aukin þekking og skilningur á viðfangsefninu náist með því að sannreyna það var hér ráðist í að heimfæra tileinkunarstigin upp á íslenskt millimál. Niðurstöður þeirrar könnunar eru kynntar í meðfylgjandi köflum.

##### 4.1 Gögn og aðferð

Nú er ætlunin að kynna málnema sem kallaður er Tommi og skoða tileinkun hans á íslensku sem öðru máli. Tommi stundaði nám við Háskóla Íslands þar sem hann lærði íslensku, í skor íslensku fyrir erlenda stúdenta. Umfjöllunin um Tomma byggist á fjórum viðtölum sem fóru fram í frjálsum spjalli milli Tomma og kennara hans (tveir kennarar skiptu viðtölunum á milli sín). Þrjú fyrstu viðtölin voru tekin upp með u.þ.b. mánaðar millibili en það síðasta var tekið nokkrum mánuðum síðar. Viðtal 1 var tekið 14. október 1999 (eftir sex vikna dvöl í landinu), viðtal 2 var tekið 4. nóvember 1999 (eftir níu vikna dvöl), viðtal 3 var tekið 2. desember 1999 (eftir 12 vikna dvöl) og viðtal 4 var tekið 23. maí 2000 (eftir 38 vikna dvöl eða átta mánaða og þriggja vikna dvöl). Viðtölin eru skoðuð hvert fyrir sig með það fyrir augum að finna út hvaða málfræði (formgerðir og beygingar) Tommi ræður við á hverjum tímapunkti og hvernig þróun hans er á fyrstu þrjátíu og átta vikum tileinkunarinnar. Áður en lengra er haldið er vert að minna á að úrvinnslukenningin spáir því að málneminn tileinki sér málfræði (þ.e.a.s. formgerðir og beygingar) í eftirfarandi röð.<sup>62</sup>

1. Orðasafnsbeyging (e. lexical morphemes) og grunnorðaröð: Orðasafnið byggist upp. Hér getur málneminn aðgreint þætti sem fylgja orðinu í orðasafni þess (s.s. persónu í persónufornöfnum, kyn og tölu nafnorða, grunnform sagna, einfalda þátíð o.s.frv.). Hér ræður hann ekki við málfræðireglur heldur reiðir málneminn sig á merkingafræðilegar reglur. Samsvarar tileinkunarstigi tvö í úrvinnslukenningunni (sjá kafla 2.3).

<sup>62</sup> Pienemann 1998:8 og 122; Mitchell og Myles 2004:114-115.

2. Innanliðabeyging (e. phrasal morphemes) og kjarnafærsla: Málneminn hefur tilfinningu fyrir setningaliðum og er fær um að flytja málfræðiupplýsingar innan liða (s.s. samræmi milli aðalorðs og ákvæðisorðs þess). Komin er tilfinning fyrir fallbeygingu; falli andlags og hvað stýrir falli og tilfinning fyrir samsettum sögnum (horf). Samsvarar tileinkunarstigum þrjú og fjögur (sjá kafla 2.3).
3. Milliliðabeyging (e. inter phrasal morphemes) og umröðun: Hér eru setningarfræðilegar formdeildir fyrst komnar (s.s. persóna og tala sagna, þ.e. samræmi milli frumlags og sagnar) og málneminn er fær um að færa liði innan úr setningum og getur því umræðað sögn og frumlagi eftir að einhverjir liðir hafa verið færðir fremst. Samsvarar tileinkunarstigum fimm og sex (sjá kafla 2.3)

#### 4.2 Viðtal 1

Fyrsta viðtalið fór fram um miðjan október. Aðspurður segist Tommi hafa komið til landsins fyrsta september svo hann hefur því dvalið á Íslandi í nákvæmlega sex vikur og einn dag. Eins og gefur að skilja var orðaforði hans ekki mikill en skilningur hans á umræðuefninu, sem snerti hversdagslega hluti s.s. vinnu hans, búsetu og námið, virðist ágætur en er greinilega bundinn við einfaldar setningar. Tommi notar grunnorðaröð út í gegnum viðtalið, svörin eru flest stutt en lengri svörin eru sundurslitin eins og sjá má í dæmum (1), (2) og (3).

- (1) Ég tala íslensku með e...með e...með Gunnar in...e...gistiheimili.
- (2) Ég hef ekki tíma að fara...í ...í kaffi. Ég fara í sund.
- (3) Nei, nei. Erum...þeir...Gunnar is...is the owner.

Í viðtalinu notar Tommi nær eingöngu fyrstu persónufornafn eintölu í nefnifalli. Aðeins einu sinni kemur fyrir þágufallið *mér* og þá í frumlagsstöðu með ópersónulegri sögn sbr. dæmi (4). Það tilfelli gæti skýrst af því að í undanfarandi spurningu kennarans er frumlagið í þágufalli og þágufallsmyndin í svari Tomma gæti því verið yfurfærsla á frumlagsmynd kennarans.<sup>63</sup>

- (4) K: hvernig gengur þér?  
T: mér finnst ...þetta, ...gott.

<sup>63</sup> Birna Arnbjörnsdóttir 2007:32. Birna vísar til gagna sem safnað hefur verið saman frá erlendum stúdentum, sem eru að læra íslensku sem annað mál. Þar kemur m.a. fram að málneminn notar ílagið frá kennaranum til að mynda tíð. Hann notar alltaf sömu tíð og kennarinn og beygir sögn eingöngu eftir að hafa heyrt kennarann beygja hana.

Hins vegar má líka benda á að líklegt er að málneymar nái fljótt tókum á þágufallsfrumlögum sem standa með ópersónulegri sögn.<sup>64</sup> Sambærileg spurning kom síðan frá kennara í lok viðtalsins en ólíkt fyrra dæminu endurtekur Tommi ekki frumlagsfall kennarans:

(5) K: finnst þér gaman að læra íslensku?

T: já, ég finnst það gaman.

Í þessu dæmi sést að Tommi fallbeygir ekki persónufornafnið líkt og í dæmi (4). Viðtal 1 gefur ekki færi á að skoða fallbeygingu nákvæmlega sökum lítils orðaforða málnemans en þó eru dæmi um fall á nafnorðum, (sbr. dæmi (9) og (10) hér á eftir). Tommi hefur tilfinningu fyrir merkingarlegu formdeildunum kyni og tölu nafnorða sbr. *gestir* í (8). Þó að dæmi séu um að formdeild komi fram er það ekki það sama og að málneminn hafi vald á henni því eins og sést vefjast tala (7) og fall nafnorða (8) fyrir Tomma.

(6) Ég er að vinna í *humarhúsið*.

(7) Emm...*Tvo dag* í vika.

(8) Emm...emm...ég tala á *sími* og emm...ég...ég hitta *gestir*?

Í dæmi (6) er nafnorðið í forsetningarliðnum í nefnifalli eða þolfalli en ekki í þágufalli. Í setningu (8) eru bæði nafnorðin greinilega í nefnifalli í stað þolfalls.

Fallbeyging í setningum á borð við þær sem birtast í næstu tveimur dæmum, (9) og (10), er ekki endilega vísbending um kunnáttu málnemans. Sökum þess hversu algengar báðar setningarnar eru í málinu og þá ekki síst í orðræðu málneyma má alveg eins gera ráð fyrir því að beygingarendingarnar þar séu lærðar utanað, það er að segja séu hluti af eins konar hlunkum.

(9) Ég er frá Búlgaríu.

(10) Ég tala íslensku.

Sagnir eru að mestu í nafnhætti, engu að síður finnast dæmi um beygingu sagna og þá í 1. persónu eintölu. Eftirfarandi sagnir voru persónubeygðar hjá Tomma: *heita* (1x), *vera*

---

<sup>64</sup> María Anna Garðarsdóttir 2006. Í Rannsókn Maríu kom í ljós að málneymar ná þágufallsfrumlögum sem standa með ópersónulegri sögn mjög fljótt. Einnig var því velt upp í samræðum við leiðbeinendurna Sigríði og Maríu hvort „mér finnst...“ gæti verið hlunkur eða alla vega dæmi um merkingarlegt fall sem lærist fljótt í íslensku. Dæmi (4) þarf því ekki að tákna að Tommi sé kominn með vald á fallbeygingu.

í nútíð (3x), *vera* í þátíð (1x), *hafa* (1x). Auk þess voru þrjú dæmi um ópersónulegu sögnina *finnast*, (sjá umræðu við dæmi (4) og (5) um sögnina *finnast*).

Nánari skoðun leiðir sem sagt í ljós að af þeim sex sögnum sem eru persónubeygðar eru fjögur dæmi um persónubeygingu sagnarinnar *vera* (í nútíð og þátíð). Í rauninni kemur þetta ekki á óvart þar sem sögnin *vera* er venjulega sú sögn sem málnemar læra fljótt. Bæði er að hún er mjög algeng í málinu<sup>65</sup> og því leggur málneminn það á sig að læra hana fljótt og auk þess er sögnin það óregluleg að ekki er um annað að ræða en að læra hana utan að. Tommi er engin undantekning frá þessu og hefur greinilega náð beygingu sagnarinnar, bæði í nútíð og þátíð, að minnsta kosti í 1. persónu eintölu. Í margvíðalíkaninu (sbr. umræðu í kafla 2.2) og í úrvinnslukenningunni er gert ráð fyrir breytileika í þróun málnema, það er að segja ekki er gert ráð fyrir að allir þættir málsins þróist á sama hátt hjá hverjum og einum. Kenningin gerir ráð fyrir því að ýmsir þættir séu breytilegir og að málnemar tileinki sér þá á mismunandi tileinkunarstigum. Tengisagnir (e. copula)<sup>66</sup> á borð við sögnina *vera* eru nefndar sem atriði sem koma á mismunandi stigum hjá málnemum.<sup>67</sup> Það að Tommi hafi náð beygingu sagnarinnar *vera* í 1. persónu eintölu þarf því ekki að benda til þess að hann hafi almennt náð valdi á sagnbeygingu. Sögnin *heita* kemur einnig fyrir í 1. persónu eintölu.

(11) Ég *heiti* Tommi.

Það er eins með sögninga *heita* og sögnina *vera*, sökum tíðni hennar í málinu er hún ekki endilega vísbending um sagnbeygingarkunnáttu Tomma. Allt eins má gera ráð fyrir því að setningin í dæmi (11) sé lærður hlunktur eða frasi með tilliti til þess hversu algeng hún er í íslensku máli. Þar sem Tommi er í formlegu námi hefur hann sennilega lært beygingu þessarar tilteknu sagnar í ákveðnu umhverfi án þess að gera sér endilega fulla grein fyrir hvaða formgerð liggur að baki.

Þá er enn órædd sögnin *hafa*. Það virðist ekki eins nærtækt að fjalla um hana sem hlunk eins og sagnirnar *heita* og *vera* né hefur hún verið kölluð tengisögn eins og sögnin *vera*. Setningin í dæmi (12) er eina dæmið sem getur verið vísbending um að Tommi sé farinn

<sup>65</sup> Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1988:255-276. Hrafnhildur rannsakaði hvernig íslensk börn læra þátíð. Þar kom fram að börnum gengur betur að læra þátíð sagna sem eru algengar í málinu. Ekki er ólíklegt að sama eigi við um málnema.

<sup>66</sup> Höskuldur Þráinsson 2005:54. Tengisögn er sögn sem gegnir einkum því hlutverki að tengja saman frumlag og fyllilið og hefur enga sérstaka merkingu sjálf. Sögnin *vera* er oft í hlutverki tengisagnar en einnig má nefna *líður*, *verða* o.fl.

<sup>67</sup> Ellis 2000:105.



að beygja sagnir í millimáli sínu. En það er þó ekki hægt að fullyrða að hann hafi regluna fullkomlega á valdi sínu þar sem þetta er eina dæmið.

(12) Ég hef ekki tíma að fara ...í ...í kaffi.

Athyglisvert er að þrátt fyrir að sagnbeyging sé komin jafn skammt á veg og bent hefur verið á, þá notar Tommi þátíðarmynd í einu tilviki:

(13) Ég var að læra mm...economics.

Sé litið til kenningar Pienemanns þarf þetta hins vegar ekki að koma á óvart. Því eins og Pienemann bendir á þá fylgja upplýsingar um tíð sögninni og eru þar af leiðandi tengdar orðasafninu en stjórnast ekki af setningafræðilegum upplýsingum. Tíð er merkingarleg formdeild og úrvinnslukenningin spáir því einmitt að merkingarlegum formdeildum sé náð á undan setningarlegum formdeildum (persóna sagna er setningafræðileg formdeild).<sup>68</sup> Í þessu sambandi má minna á að kyn og tala nafnorða eru einnig merkingarlegar formdeildir, sjá (8).

#### 4.3 Viðtal 2

Annað viðtalið fór fram í byrjun nóvember. Samkvæmt því hefur Tommi dvalið á Íslandi í níu vikur og einn dag. Sökum tæknilegra vandræða er samtalið stutt en í byrjun var ekki kveikt á upptökunni. Þreytu gætir því hjá Tomma og svör hans eru stutt og endurspeгла e.t.v. ekki kunnáttu hans fyllilega.

Tommi styðst nánast eingöngu við grunnorðaröð eins og í viðtali 1. Í einu tilfelli reynir hann að nota neitun en orðaröðin vefst töluvert fyrir honum og greinilegt er að hann á í vandræðum með að umorða setninguna eins og sjá má í dæminu hér á eftir.

(14) Ég hef þá ekki hittir em...í viku.

Í setningunni hér að ofan er Tommi að nota töluvert flókna setningagerð, það er samsetta tíð (horf), lýsingarhátt og neitun. Það má túlka setninguna á þann hátt að persónufornafnið og neitunin séu á sínum stað í setningunni og Tommi noti sögnina *hafa* sem aðalsögn. En þar sem hann er farinn að mynda samsetta tíð hafi hann flutt aðalsögnina (*hittir*) aftast. Því má segja að hér styðjist Tommi enn við grunnorðaröð þó

---

<sup>68</sup> Pienemann 2005:11-12.

setningin sé flókin fremur en að gera ráð fyrir flóknum færslum og þar með herra tileinkunarstigi.

Forsetningar og fallstjórn (þ.e.a.s. hvaða forsetningar á að nota og einnig hvaða falli hver forsetning stýrir) er töluvert óstöðug í millimáli Tomma. Hér á eftir eru bæði dæmi um rétta og ranga notkun. Í viðtalinu hefur Tommi nafnorð oftast í nefnifalli óháð setningalegri stöðu þeirra.

(15) Em...nei ég tala í *heimili*.

(16) Ég er ...ég er mikið saman með *strákur*...

(17) ...ég tala í *símann*, stundum, og með e...gestur...stundum.

(18) Elda í eldhúsi.

Í dæmi (17) sést mikil framför frá viðtali 1, því hér segist Tommi tala í *símann* en í dæmi (8) í viðtali 1 segist hann tala á *sími*.

Samkvæmt Pienemann á flutningur á upplýsingum innan liða sér stað á stigi þrjú, það er að segja fallstjórn er færsla upplýsinga milli orða innan liðar og dæmi (17) og (18) eru dæmi um slíkt. Tommi sýnir sömuleiðis merki um að vera farinn að flytja upplýsingar á milli liða eins og næstu dæmi sýna þar sem hann hefur samræmi milli frumlags og sagnfyllingar.

(19) K: Ertu þreyttur á mér?

T: Nei, ég er *þreyttur* að hugsa.

(20) K: En það er gott að tala.

T: Það er gott já

(21) K: Það er stundum erfitt...að tala. En það gengur svo vel, já. Gengur vel að tala íslensku.

T: ...það er erfitt að skrifa...ritað mál er erfitt fyrir mig...

Samræmi er á milli frumlags og lýsingarorðs í sagnfyllingu í öllum dæmunum. Lýsingarorðið í dæmi (19) er í karlkyni eintölu og í samræmi við tölu frumlagsins og kyn þess sem talar. Hins vegar verður að hafa í huga að kennarinn notar sama form á lýsingarorðinu í spurningunni á undan og það gæti allt eins verið að Tommi endurtaki það form eftir honum (sbr. dæmi (4) hér að framan). Sömu sögu er að segja um dæmi (20) og (21) þó að kynið sé annað. Kennarinn segir setninguna fyrst og Tommi endurtekur hana. Það er fremur ólíklegt að Tommi sé kominn á stig fimm (þar sem flutningur upplýsinga milli liða kemur) eftir aðeins níu vikna dvöl í landinu. Málneminn

sem Pienemann fylgdist sjálfur mjög nákvæmlega með fór að sýna merki um að hann væri farinn að flytja milliliðaupplýsingar eftir níttján vikur.<sup>69</sup>

Sagnir eru enn oft í nafnhætti (sbr. dæmi (15), (17), (18), (19), (20), (21)). Annars virðist Tommi mikið beita samsettri tíð (dvalarhorfi), það er að segja *að vera* plús nafnháttur: *ég er að ganga, ég er að elda, ég er að tala*. Við athugun kemur í ljós að af þrettán persónubeygðum sögnum eru níu dæmi um sögnina að *vera*, sem skýrist af setningum á borð við þær sem taldar eru upp að ofan.<sup>70</sup> Samkvæmt úrvinnslukenningu Pienemanns tilheyrir þessi formgerð stigi þrjú.<sup>71</sup>

Í viðtalinu eru tvö tilfelli um persónubeygingu sagnar (1. persónu eintölu) og eru það sagnirnar *fara* og *hafa*.

(22) Em...ég...ég *fer* í Dubliner...

(23) Em...ég *hef* þá ekki hittir em...í viku.

Hér er spurningin hvort formgerðirnar *fer* og *hef* séu vísir að sagnbeygingu. Úrvinnslukenning Pienemann spáir því að sagnbeyging sé á tileinkunarstigi 5. Miðað við hversu óstöðug persónubeygingin er í máli Tomma er ekki ósennilegt að Pienemann myndi reyna að færa rök fyrir því að þessar sagnir séu lærðar sem hlunkar líkt og sagnirnar *heita* og *vera* (frá viðtali 1). Sökum tíðni og hlutverki sagnanna í málinu er slík röksemdarfærsla ekki ósennileg.

#### 4.4 Viðtal 3

Viðtal númer þrjú var annan desember og hefur Tommi þá verið á Íslandi í tólf vikur og 1 dag. Samtalið er í styttra lagi eins og viðtal tvö. Töluvert minna er um sagnir í þessu viðtali en í tveimur fyrri sem skýrist af því að svör Tomma eru oft á tíðum einfalt nei eða já. Einungis tvö tilfelli eru um persónubeygingu á öðrum sögnum en *vera* en það eru sagnirnar *hitta* og *ætla* sem í báðum tilfellum eru beygðar í 1. persónu eintölu. Eftirfarandi dæmi sýna lengstu svör Tomma í viðtalinu. Þær setningar snúast um framtíðina og vefjast töluvert fyrir honum en hann myndar framtíðina réttilega með nútíðarmyndunum *hitti* og *ætla*. Í þessum setningum kemur fleira fram sem rætt er hér á eftir.

(24) K: Hvað ætlar þú að gera um jólin?

<sup>69</sup> Pienemann 1998:129.

<sup>70</sup> Sjá einnig umfjöllun um sögninni *vera* í viðtali 1.

<sup>71</sup> Pienemann 1998:188-189.

T: Ah...a...í gistiheimili ég...ég hi...hitti...ég hitti ein strákur frá ...Sweden?

(25) Svíþjóð já...og em...og við e...ætla að...við ætla að verða saman...í jólin...

(26) Ég ætla að elda...góður sko jólabrauð. Með...sem er með hérna...inni í brauðin...já.

Sagnbeyging Tomma virðist eingöngu bundin við 1. persónu eintölu og þegar kemur að öðrum persónum virðist hann ekki ráða við að persónubeygja sagnir (sbr. dæmi (25)).

Tommi færir ekki upplýsingar innan liða (sbr. dæmi (24) og (26)), það er að segja hann hefur ekki samræmi milli aðalorðs og ákvæðisorðs þess í nafnlið; *ein strákur* og *góður jólabrauð*. Það er heldur ekki ljóst hvort sagnir og forsetningar stýra falli í millimáli hans: *í gistiheimili, hitti ein strákur, sem er með inni í brauðin*. Þrátt fyrir það eru þetta formdeildir sem hann réði við í viðtali 2 (dæmi 17 og 18)).

Í viðtali 3 má í fyrsta sinn sjá vísi að kjarnafærslu (27). Setningin krefst reyndar umröðunar en Tommi beitir henni ekki, enda ekki að furða sé tekið mið af úrvinnslukenningunni þar sem ekki er reiknað með umröðun fyrir en á stigi 5.

(27) Em...Kannski...kannski ég er að fara í Blá...bláa...blue lagoon.

#### 4.5 Viðtal 4

Í viðtali 4, sem jafnframt er síðasta viðtalið, hefur Tommi dvalið á Íslandi í þrjátíu og átta vikur. Þegar þetta samtal á sér stað virðist Tommi vera kominn með nokkuð gott vald á persónubeygingu sagna. Reyndar er enn töluvert um sagnir í nafnhætti en persónubeygðum sögnum í rétttri mynd fer fjölgandi, sjá eftirfarandi dæmi.

(28) Ég held ...ég á ekki...ekki tíma til að læra...

(29) Við eigum að fara til Blá lónið...

(30) ...hann em...mátti líka fara til...

(31) Má ég taka prófið í...í júní?

Hér er vert að benda á að Tommi beygir sögnina *eiga* í 1. persónu fleirtölu. (sbr. dæmi (29)) og er það mikil framför frá því í viðtali 3 (sjá dæmi (25)) þar sem hann sagði *við ætla*. Í báðum tilvikum notar hann persónufornafnið *við*. Hér aðlagar hann hins vegar beygingu sagnarinnar að frumlaginu (*eigum*), ólíkt því sem var í viðtali 3 þar sem hann hafði sögnina í nafnhætti. Einnig má vekja sérstaka athygli á dæmi (30) þar sem hann

beygir sögnina mega í 3. persónu eintölu þátíð. Dæmi (29) og (30) eru tvö fyrstu dæmin um að Tommi persónubeygi sögn í annarri mynd en 1. persónu eintölu.

Umræðuefnið í viðtali 4 snýst mikið um framtíðina og sýnir Tommi viðleitni við það en með misjöfnum árangri. Hér á eftir fara tvö dæmi þar sem Tommi vísar til framtíðar. Í seinna dæminu (33) beygir hann sögnina rétt en notar ranga sögn, og segir *eigum* í stað *ætlum*. Framtíðarmyndun Tomma er hins vegar á algjörum villigötum í fyrra dæminu (32).

(32) Ágúst er að fara heima...fyrir...þrjár viku.

(33) Við eigum að fara til Bláa lónið.

Tommi notar annars að mestu grunnorðaröð í viðtali 4 en hann er einnig með kjarnafærslu (dæmi (34), (35) og (36)) en án umröðunar. Skortur á umröðun samræmist vel spá Pienemanns en hann telur umröðun koma á síðari stigum.

(34) Kannski...ég ætla að fara í ...Svartar...haf...já.

(35) Kannski ég var of mikið upptekinn.

(36) Stundum það var skemmtilegt...

Fallbeyging er komin vel á veg en er töluvert óstöðug. Mun fleiri nafnorð og fornöfn eru merkt falli, þó að það sé ekki alltaf í samræmi við reglur markmálsins (sbr. dæmi (38)).

(37) E...e...fimm *dagur*...í *viku*.

(38) ...*hermenn* eru að reyna að taka ...*honum*.

Tommi færir málfræðiupplýsingar milli liða í setningunni í dæmi (40), það er að segja hann hefur samræmi á milli frumlags og sagnfyllingar. Samræmið er þó ekki alltaf til staðar eins og sést í dæmi (39).

(39) ...stundum *það* er...mjög er *erfið*.

(40) ...stundum *það* var *skemmtilegt*...en stundum mjög *leiðinlegt*.

Í kafla 4.6 eru formdeildir í millimáli Tomma teknar saman og á grundvelli þeirra er hann staðsettur á viðeigandi tileinkunarstig samkvæmt úrvinnslukenningu Pienemanns.

#### 4.6 Niðurstöður

Eins og áður var gert er unnið með viðtölin aðskilin til þess að komast að því hvernig millimál Tomma þróast frá einum tímapunkti til annars. Málþróun millimálsins er borin saman við tileinkunarstig Pienemanns. Tilgangurinn er að sjá hvort samhengi sé á milli

formdeilda og formgerða í millimáli Tomma á hverjum tímapunkti fyrir sig og þeirra tileinkunarstiga sem úrvinnslukenningin segir til um. Fyrst er að líta á töflu sem sýnir hvernig (eða hvort) ákveðnar setningarlegar formgerðir og beygingarlegar formdeildir birtast í millimáli Tomma.

Táknið [+] merkir að viðkomandi formdeild eða formgerð komi fyrir í millimáli Tomma í viðkomandi viðtali. Ef dæmi eru um formgerð eða formdeild en notkun Tomma er ekki í samræmi við reglur markmálsins er dálkurinn merktur [-]. Táknið [/] merkir að ekki finnist dæmi um viðkomandi formgerð eða formdeild í viðtalinu. Þegar metið er hvort tilteknu atriði sé náð er aðferð Pienemanns beitt, það er að segja eitt tilfelli sýnir að ferlið er komið í gang og þar með er merkt [+] í dálkinn.

		Viðtal 1	Viðtal 2	Viðtal 3	Viðtal 4	Stig
Beygingarlegar formdeildir	Tíð <sup>72</sup>	+	/	/	+	2
	Kyn og tala no <sup>73</sup>	+	-	-	+	2
	Innanliðabeyging <sup>74</sup>	+	+	-	-	3
	Milliliðabeyging <sup>75</sup>	+	+	+	+	5
	Persónub. sagna <sup>76</sup>	+	+	+	+	5
Setningarlegar formgerðir	Grunnorðaröð	+	+	+	+	2
	Kjarnafærsla	/	/	+	+	3
	Umröðun	/	/	/	/	5

Tafla3: Formdeildir og formgerðir í millimáli Tomma.

Eins og sjá má er viðtölunum fjórum skipt lóðrétt í jafn marga dálka í töfluna en í fimmta dálki, lengst til hægri, stendur hvaða tileinkunarstig viðkomandi formgerð eða formdeild tilheyrir samkvæmt úrvinnslukenningunni. Lárétt er töflunni skipt á

<sup>72</sup> Orðasafnsbeyging.

<sup>73</sup> Orðasafnsbeyging

<sup>74</sup> Innanliðabeygin; samræmi í nafnlið og fallbeyging.

<sup>75</sup> Milliliðabeyging; þetta á aðeins við samræmi frumlags og sagnfyllingar

<sup>76</sup> Persónubeyging sagna er milliliðabeyging eins og áður hefur verið bent á en fær hér sérstakt sæti í töflunni vegna þess hversu umfjöllun hún hefur fengið.

eftirfarandi hátt; efsta röðin er merkt *tíð* og stendur fyrir þátíð í millimáli Tomma. Önnur röð er *kyn og tala nafnorða*. Þriðja röðin *innanliðabeyging* vísar til færslu málfræðiupplýsinga milli orða innan liðar; samræmis milli aðalorðs og ákvæðisorðs þess, s.s. *fallgur maður*; fallstjórn heyrir og undir þessa röð, s.s. *í eldhúsi*. Fjórtða röðin *milliliðabeyging*“ vísar til færslu málfræðiupplýsinga milli setningaliða; samræmi milli frumlags og sagnfyllingar, s.s. *ég er þreyttur*. Fimmta röðin er *persónubeyging sagna*. Þrjár síðust raðirnar eiga við orðaröð í millimáli Tomma. Fyrst kemur *grunnorðaröð*, þá *kjarnafærsla* sem í millimáli Tomma kemur fram í færslu atviksliðar fremst í setningu og að síðustu er *kjarnafærsla með umröðun*. Af töflunni má lesa að í fyrsta viðtali koma eftirfarandi formdeildir fyrir í millimáli Tomma og hann beitir þeim í samræmi við reglur markmálsins: *tíð*, *kyn og tala nafnorða*, *bæði innanliða- og milliliðabeyging* og að lokum *persónubeyging sagna*. Tommi hefur grunnorðaröð en í samtalinu eru hvorki dæmi um kjarnafærslu né umröðun svo ekki er hægt að fullyrða neitt um getu Tomma hvað það varðar. Eins og sést í töflunni notar Tommi kjarnafærslu fyrst í viðtali 3.

Næst verður litið á hvert viðtal fyrir sig og metið á hvaða tileinkunarstigi Tommi er þá staddur í samhengi við úrvinnslukenningu Pienemanns.

Viðtal 1 gefur vísbendingar um að Tommi sé á stigi 2. Hann notar grunnorðaröð út í gegnum viðtalið. Merkingarlega formgerðin *tíð* kemur fram í því að Tommi notar þátíð af sögninni að *vera*. Tala nafnorða er farin að skýrast því hann notar nafnorðið *gestir* (dæmi (8) bls. 29). Vísir er að innanliða-beygingu, þ.e. fallbeygingu andlags, samanber orðin *íslensku* (9) og *Búlgaríu* (10). Í úrvinnslukenningunni er hins vegar ekki gert ráð fyrir fallbeygingu á andlagi fyrr en á þriðja stigi, þó skal sleginn sá varnagli að setningarnar í (9) og (10) (á bls. 30) geta verið lærðir hlunkar, sérstaklega í ljósi þess að öll önnur andlög, bæði sagnorða og forsetninga eru í nefnifalli í viðtalinu, sbr. dæmi (6), (7) og (8) (bls. 29). Hins vegar er ein formgerð í millimáli Tomma sem myndar vissulega ósamræmi við annað tileinkunarstig Pienemanns en það er samræmi milli frumlags og sagnar með sögninni *hafa*. Samkvæmt úrvinnslukenningunni er persónubeyging sagna staðsett á fimmta stig. Þegar hafa verið nefnd rök fyrir því að beyging hans á sögnunum *vera* og *heita* geti verið dæmi um lærða hlunka. Beyging á sögninni *hafa* virðist þó ekki þess eðlis að hægt sé að afgreiða hana með fyrrnefndum rökum en þó verður að taka fram að aðeins er um þetta eina dæmi að ræða. Til

upprifjunar og samanburðar er stiklað á einkennum annars tileinkunarstigs hér í framhaldi (sbr. kafla 2.3).

*Málneminn styðst við grunnorðaröð. Hann er farinn að átta sig á orðflokkum og er kominn með tilfinningu fyrir merkingarlegum formdeildum s.s. kyni og tölu nafnorða. Hann ræður hvorki við samræmi nafnorðs og lýsingarorðs í nafnlið né samræmi frumlags og sagnfyllingar. Persónubeyging sagna<sup>77</sup> er ekki komin en málneminn er farinn að nota þátíð. Málneminn er ekki farinn að færa málfræðiupplýsingar innan liða eða milli liða.*

Viðtal 2 sýnir að málbeiting Tomma samræmist tileinkunarstigi þrjú. Hann er farinn að fallbeygja andlag sem sést í dæmi (17) (bls. 32) *símann* og dæmi (18) (bls. 32) *eldhúsi*. Ekki er hægt að segja til um hvort Tommi sé farinn að beita kjarnafærslu eins og stig þrjú spáir fyrir um, þar sem sú formgerð kemur aldrei fyrir í samtalinu. Líklegt verður að teljast að skortur á dæmum um kjarnafærslu megi skýra með því að Tommi hafi ekki vald á henni og/eða forðist hana en slíkt hefur margoft komið fram í rannsóknum á millimáli.<sup>78</sup>

Hér (líkt og í viðtali 1) vakna spurningar um persónubeygingu í millimáli Tomma og þá hvort sú beyging sé vísbending um að Tommi sé kominn á stig fimm eða hvort líta beri á sagnbeygingar hans sem lærða frasa eða hlunka (sjá umfjöllun um sagnirnar í kafla 4.3 (bls. 33). Þegar sagnir í millimáli Tomma eru bornar saman milli fyrsta og annars viðtals er það helst notkun hans á samsettri tíð (*er að ganga, er að elda, er að tala*) sem athyglin beinist að og er einmitt það sem styður að hann sé á stigi þrjú.<sup>79</sup> Í þessu samhengi má einnig nefna Maisu Martin en hún hefur unnið með algildu úrvinnslustigin í rannsóknum á finnsku sem öðru máli og hún staðsetur samsetta tíð á stig þrjú.<sup>80</sup>

Annað atriði má nefna sem í fyrstu kann að virðast illsamræmanlegt við tileinkunarstig þrjú en það er að Tommi virðist sýna merki um að flytja upplýsingar milli liða, þ.e. hann hefur samræmi á milli frumlags og sagnfyllingar: *ég er þreyttur* (19), *þar er gott* (20), *það er erfitt* (21), (bls. 32-33) sem samkvæmt Pienemann á ekki að koma fyrir en á stigi fimm. Reyndar má túlka öll þessi dæmi með því að Tommi noti ílagið frá kennaranum þar sem hann styðst alltaf við orðmyndir kennarans frá undanfarandi

---

<sup>77</sup> Það er einmitt þessi liður sem virðist ekki samræmast málbeitingu Tomma.

<sup>78</sup> Ellis 2000:304-305.

<sup>79</sup> Pienemann 1998:188-189.

<sup>80</sup> Martin 2002:144.



spurningu. Til upprifjunar og samanburðar er stiklað á þriðja tileinkunarstigi hér á eftir (sbr. kafla 2.3).

*Málneminn beitir grunnorðaröð. Hann er kominn með tilfinningu fyrir liðum og getur fært þá til fremst í setninguna (kjarnafærsla), án umröðunar. Hann færir málfræðiupplýsingar innan liða (samræmi milli aðalorðs og ákvæðisorðs þess). Hann er kominn með tilfinningu fyrir falli andlags og hvað stýrir því.*

Viðtal 3 bendir til að Tommi sé enn staddur á stigi 3. Í viðtalinu er ekki alveg ljóst hvort sagnir og forsetningar stýri falli í millimáli hans: *í gistiheimili* (24), *saman í jólin* (25), *inni í brauðin* (26) (bls.34) . Hann hefur ekki samræmi milli aðalorðs og ákvæðisorðs í nafnlið í eftirfarandi setningum: *ein strákur* (24), *góður jólabrauð* (26) (bls. 34). Þrátt fyrir að þessi dæmi samræmist ekki reglum markmálsins er vert að hafa það í huga að Tommi sýndi merki um rétta notkun þessa samræmis í viðtali 2.

Kjarnafærsla Tomma í dæmi (27) er það sem helst styður að hann sé kominn á stig þrjú: „Em...Kannski...kannski ég er að fara í Blá...bláa...blue lagoon“. Setningin sýnir að hann hefur tilfinningu fyrir liðum og er þetta í fyrsta sinn sem hann beitir kjarnafærslu.

Í viðtali 4 er millimál Tomma metið svo að hann sé kominn á stig fjögur þar sem milliliðabeyging hans er orðin virk. Greinileg framför hefur orðið því öll málfræði hans er orðin mun stöðugri, má þar sérstaklega nefna að hann er greinilega farinn að persónubeygja sagnir og dæmi eru um notkun hans á sögnum í öllum persónum. Í viðtalinu sýnir hann innanliða- sem og milliliðabeygingu líkt og í viðtali 2; *stundum það var skemmtilegt* (sbr. dæmi (36) (bls. 35) og *ég held ég á ekki tíma...*(sbr. dæmi (28) á bls. 35).

Samantekt á viðtölunum fjórum bendir til að formdeildir og formgerðir í millimáli Tomma þróist eftir ákveðnum stigum, þar sem ein formgerð leiðir til þeirrar næstu. Í viku sex notar hann kyn og tölu á nafnorð og þátíð sagnar. Í viku níu hefur hann samræmi milli aðalorðs og ákvæðisorðs og hugsanlega hefur hann einnig samræmi milli frumlags og sagnfyllingar (sem sagt bæði innanliða- og kannski milliliðabeygingu) sem og samsetta tíð. Í viku tólf notar hann kjarnafærslu. Þó virðist þróunin á millimáli Tomma stangast á við tileinkunarstiginn þegar kemur að persónubeygingu sagna. Eftir að

hafa skoðað millimál Tomma er ekki hægt að líta fram hjá því að persónubeyging virðist vera komin mun fyrir af stað hjá honum en Pienemann gerir ráð fyrir. Pienemann telur persónubeyginguna koma á stigi fimm og að hún haldist í hendur við umröðun sagnar og frumlags. Aftur á móti má sjá vísi að sagnbeygingu hjá Tomma strax í viðtali 1 og með hverju viðtali bætast við nýjar sagnir sem hann beygir í persónum, að vísu oftast í 1. persónu. Þrátt fyrir að horft sé fram hjá persónubeygingu sagna sem túlka má sem lærða frasa sökum tíðni þeirra, þá standa enn eftir sagnir sem ekki er hægt að afgreiða með sama hætti. Hér er átt við sagnirnar *hafa*, *halda* og *ætla* sem Tommi beygir allar í 1. persónu eintölu. Sama má segja um sögnina *eiga* sem Tommi beygir í 1. persónu fleirtölu og sögnina *mega* sem hann beygir í 3. persónu eintölu. Persónubeyging í millimáli Tomma er þar af leiðandi ekki eingöngu bundin við 1. persónu eintölu. Á móti kemur síðan að Tommi virðist ekki vera farinn að umræða sögn og frumlagi. Niðurstöður úr rannsókn Gíselu Hákansson á sænskum þýskunum<sup>81</sup> bendir til að ekki sé endilega beint samhengi milli umröðunar og persónubeygingar sagna. Þrátt fyrir að flestir þátttakendur í rannsókn Hákansson væru farnir að persónubeygja sagnir og um leið að umræða sögn og frumlagi voru þar einnig nemendur sem höfðu ágætt vald á persónubeygingu sagna en umröðuðu ekki. Niðurstöður frá rannsókn Hákansson og millimál Tomma benda til þess að beyging sagna sé nauðsynleg forsenda fyrir umröðun en að umröðun fylgi ekki endilega persónubeygingu sagna. Sé litið til þessa þáttar virðist Tommi, sem og nokkrir nemenda í rannsókn Hákansson, ekki feta sömu leið að markmálinu og úrvinnslukenningin spáir, það er að segja umröðun og persónubeyging fylgist ekki að í millimáli þeirra.

Þar sem viðtalið fór fram í frjálsum spjalli er ekki hægt að þvertaka fyrir að einhverjar formgerðir eða formdeildir hafi verið komnar fyrir en viðtölin gefa til kynna, má þar t.d. nefna kjarnafærslu sem er skráð fyrst í viðtali 3. Mögulegt er að umræðuefnið hafi einfaldlega ekki boðið uppá þá formgerð fyrir en í þriðja viðtali.

Hér er einnig hægt að vera með vangaveltur um persónuleika Tomma og hvaða hlutverk hann spilar í málbeitingu hans með hliðsjón af tilbrigðum margvíðalíkansins (sjá kafla 2.2). Tommi virðist í það minnsta vera nokkuð varkár í allri málbeitingu sem kemur meðal annars fram í hiki sem er mjög algengt á undan setningum og orðmyndum sem

---

<sup>81</sup> Hákansson 2001:11-13.

krefjast meira en grunnmyndar þeirra. Með tilliti til þess er hægt að ímynda sér að vandvirkni Tomma og viljinn til að tala rétt hefti hann að einhverju leyti í því að taka áhættu á að sýna meiri kunnáttu í millimálinu.

Millimál Tomma einkennist af töluverðum óstöðugleika, sem kemur fram í mismunandi birtingarformum einnar og sömu formdeildar á sama tímapunkti. Má þar nefna að í sama viðtali fallbeygir hann á einum stað en ekki öðrum, hann persónubeygir sagnir á einum stað en ekki öðrum o.s.frv. Óstöðugleikinn er hins vegar alls ekki óvæntur heldur virðist hann almennt einkenna mál nema. Þeir sem skoða millimál reka sig bæði á óstöðugleika í millimáli hvers og eins og einnig tilbrigði á milli mál nema. Gisela Håkansson og Eli Moe benda einmitt á að það séu þessi atriði sem geri mönnum erfitt fyrir að meta millimál og kunnáttu mál nema. Håkansson bendir á að óstöðugleiki mál nema sé væntanlega til merkis um að hann sé nýkominn á það stig sem ákveðinnar formdeildar eða formgerðar sé krafist og hann sé ekki orðinn öruggur með regluna, sem verður að teljast sennileg skýring.<sup>82</sup>

Hafa verður í huga að matið eins og það birtist í töflu 3 byggist á því að aðeins eitt dæmi um notkun sé nægilegt. Það er sem sagt nóg að Tommi komi einu sinni með tiltekið atriði til að hann fái + í töflunni, óháð því hversu vafasöm mörg þessara dæma eru í raun og veru. Í töflu 3 má sjá að merkt er nánast við allar formgerðir og formdeildir í viðtali 1 (fyrir utan kjarnafærslu og umröðun). Af því sem þegar hefur verið sagt um viðtölin er ljóst að ekki er hægt að taka öll dæmi sem fullgilda vísbendingu um kunnáttu Tomma. Má hér nefna að fallbeyging Tomma í viðtali 1 (eftir sex vikur) er einskorðuð við tvær setningar sem báðar eru töluvert algengar í íslensku máli og geta því vart talist fullgild vísbending um kunnáttu hans. Þetta leiðir hugann að aðferð Eli Moe<sup>83</sup> og mælipunktum hennar sem útvíkkuðu mælikvarðann á tileinkunarstigunum og gerðu hann nákvæmari. Ljóst er að tafla 3 liti öðruvísi út ef matið væri byggt á forsendum Moe og án efa gæfi taflan réttmætari lýsingu á millimáli Tomma. En hér skulu útreikningar á stigum og punktum látnir liggja á milli hluta því það breytir ekki því að sú röð sem úrvinnslukenningin segir til um og lýsingin á einkennum hvers stigs kemur heim og saman við flesta þætti í þróun millimáls Tomma.

---

<sup>82</sup> Håkansson 2001:11

<sup>83</sup> Sjá umfjöllun um rannsókn Eli Moe í ritgerðinni og skýringar á mælipunktum hennar í kafla 3.2.



## Lokaorð

Ritgerðin byrjaði á sögu annarsmálsfræða sem tekið hefur miklum breytingum síðustu áratuginu og eins og var rakið er það ekki síst breytt og útvíkkað sjónarhorn fræðimanna sem hefur orðið til þess að í dag líta menn á tileinkun annars máls allt öðrum augum en áður var gert. Í ritgerðinni var Zisa-verkefninu gerð töluverð skil enda er það tímamótaverk sem hafði í för með sér róttækar breytingar á öllu rannsóknarstarfi innan fræðanna. Úrvinnslukenning Pienemanns, sem er meginviðfangsverkefni ritgerðarinnar, sækir einmitt undirstöður sínar í niðurstöður úr Zisa-verkefninu. Úrvinnslukenning Pienemanns hefur þótt yfirgripsmeiri og ítarlegri en margar sambærilegar kenningar en þrátt fyrir það hafa fundist á henni vankantar eins og Rod Ellis bendir á.<sup>84</sup> Hér eru tekin upp tvö af þeim atriðum sem Ellis nefnir vegna þess að þau snerta einmitt þætti sem torvelduðu greiningu á Tomma. Annars vegar er það skortur á skilgreiningu á hlunkum eða lærðum frösom innan úrvinnslukenningarinnar. Þegar Tommi notar málfræðireglur sem virðast ekki samræmast spá tileinkunarstiganna um getu hans reynist iðulega vera hægt að túlka þær sem hlunka. Eins og Ellis bendir á rýrir það trúverðugleika kenningarinnar ef ekki liggur fyrir í upphafi rannsóknar hvernig bera eigi kennsl á hlunka. Hitt atriðið sem Ellis nefnir er hversu óljóst það er hvaða viðmið á að nota þegar staðsetja á málnema á tileinkunarstig. Eins og fram hefur komið telur Pienemann að tileinkun miðist við eitt tilfelli en eins og sést á millimáli Tomma getur þetta eina tilfelli verið vafasöm vísbending um raunverulega kunnáttu málnemans. Reynslan af því að meta millimál Tomma gefur því tilefni til að taka að einhverju leyti undir þessar gagnrýnisraddir.

Hvað sem því líður er ljóst eftir að hafa skoðað tileinkunarferli Tomma með hliðsjón af tileinkunarstigum úrvinnslukenningarinnar að þau eru gott hjálpartæki við að staðsetja málnemann og gera sér grein fyrir kunnáttu hans. Tileinkunarstigin eru ekki síður gagnleg til að gera sér í hugarlund hver næstu skref málnemans kunna að verða í tileinkuninni.

---

<sup>84</sup> Ellis 2000:387-388.

## Heimildaskrá

- Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstj.). 2007. *Mál málanna*. Gutenberg, Reykjavík.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2007. Kenningar um tileinkun og nám annars máls og erlendra mála. *Mál málanna*, bls. 13-47. Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstj.). Gutenberg, Reykjavík.
- Ellis, Rod. 2000. *The Study of Second Language Acquisition*. 7. prentun. Oxford University Press, Oxford.
- Flynn, Suzanne og Wayne O'Neil. 1988. *Linguistic Theory in Second Language Acquisition*. Kluwer Academic Publishers, Holland.
- Håkansson, Gisela. 2001. Against Full Transfer: evidence from Swedish learners of German. *Working papers* 48:67-86. Lund, Sweden.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1998. Að læra þátíð sagna. *Greinar af sama meidi*, bls. 255-276. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Íslensk tunga, III. Bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2004. *Handbók um ritun og frágang*. 8. útg. Iðunn, Reykjavík.
- María Anna Garðarsdóttir. 2006. Fallmörkun í íslensku sem öðru máli. *Ráðstefna um íslensku sem annað mál/ íslensku sem erlent mál*. Háskóla Íslands, Odda, stofu 101. 17.-19. ágúst 2006 (erindið flutt 18. ágúst). Ráðstefnan var á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals.
- María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir. 2007. V2 in Icelandic as a Second Language. *A Human Touch to Language Testing*, bls. 208-220. Cecilie Carlsen og Eli Moe (ritstj.). Novus Press, Osló.
- Martin, Maisa. 2002. The acquisition of adjective agreement in Finnish as a second language-and other thoughts on the processability theory. *Forskning I nordiske sprog som andet-og fremmedsprog*, bls. 140-152. Auður Hauksdóttir, Birna

- Arnbjörnsdóttir, María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir (ritstj.). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Mitchell, Rosamond og Florence Myles. 2004. *Second Language Learning Theories*. 2. útg. Oxford University Press Inc., New York.
- Moe, Eli. 1997. Generell spráktame og sprákutvikling. *Noa* 20:51-78.
- Pienemann, Manfred. 1998. *Language Processing and Second Language Development. Processability Theory*. Studies in bilingualism 15. John Benjamins Publishing Company, Amsterdam.
- \_\_\_\_\_. 2005. An introduction to Processability Theory. bls. 1-60. *Cross-linguistic aspects of processability theory*. John Benjamins Publishing Company. Amsterdam.
- Svavar Sigmundsson. 1987. Íslenska í samanburði við önnur mál. *Íslenskt mál* 9:95-109.

Fylgiskjal

**Tommi 14.10.99**

K: Ókei, þú heitir?

N: Ég heiti Tommi.

K: Tommi. Ég þarf að fá svona nokkrar upplýsingar. Ertu með e-mail? Ertu með tölvupóst?

N: E- mail.

K: Já, ég þarf bara að fá svona.. já ... ertu með svona sjáðu tölvupóst. Er það Tommi?

N: Tommi at hi is.

K: En sími?

N: Simi... em... fimm, sex, eitt, tvö, tvö, njú, fegur.

K: Heima? Hvar, hvar áttu heima?

N: Bárugata 11.

K: Bárugata 11, rétt hjá mér. Í vesturbænum.

N: Hemm..

K: Já. Ég heiti Sigríður og er að kenna eins og Mæja útlendingum íslensku.

N: Hum hum...

K: Og við erum að safna efni í rannsókn. Þú veist hvað við erum að gera, er það ekki? Taka viðtöl og safna efni í rannsókn.

N: Ég skilja þetta ekki.

K: Við ætlum að gera rannsókn, reaserch, rannsókn og athuga hvernig útlendingar læra íslensku. Skoða hvernig útlendingar læra íslensku. Það skiptir skiptir ekki máli kannski. Segðu mér Toma hvaðan ertu, frá hvaða landi ertu?

N: Ég er frá Búlgaríu.

K: Búlgaríu, já já.

N: Hmm...

K: Og hvenær komstu til Íslands?

N: Hvenær? emm... f.. fyrsta september.

K: Mmm... þú ert bara nýkominn?

N: Humm?

K: Þú ert nýkominn til Íslands?

N: Ný?

K: Nýkominn. Þú ert bara búinn að vera í einn og hálfan mánuð á Íslandi.

N: Já.

K: Og hvernig finnst þér að vera á Íslandi?

N: Em... ég finnst það skemmtilegt.

K: Já, þér líður vel á Íslandi? Já. Það er gott að vera á Íslandi?

N: Gott að vera?

K: Já, gott að vera á Íslandi.

N: Good to bee here?

K: Já.

N: Já.

K: Já, já. Og, og þú ert að læra íslensku.

N: Já.

K: Í Háskólanum?



N: Já.

K: Hvernig gengur þér? Hvernig finnst þér að læra íslensku?

N: Em... Mér finnst þa... þetta, ... gott.

K: Erfitt?

N: Erfitt, já mjög erfitt.

K: Já.

N: Já.

K: Hvað er erfitt? Hvað finnst þér erfiðast?

N: Já.

K: Allt bara? Já allt. Hvað ætlar þú að vera lengi. Ætlar þú að vera í eitt ár eða lengur, kannski?

N: Em... kannski meira.

K: Já.

N: Já. Mit emm en ég, ég vistað ekki. Viss nó.

K: Ég veit það ekki, já, já akkúrat. Hvað hvað ertu að gera hérna. Þú ert í skólanum að læra íslensku og hvað gerir þú svo?

N: Ég er at vinna í húmarhúsið.

K: Ó já.

N: Og í gistiheimili.

K: Ertu að vinna á tveimur stöðum?

N: Já.

K: Mmm...

N: Og ég búa í gistiheimili.

K: Ó, svo Bárugata 11 er gistiheimili. Já ég skil.

N: Ég búa og ... og vinna.

K: Mm.. og hvað eru að gera á gistiheimilinu? Hvernig vinna er ...?

N: Emm... emm... ég tala á sími og emm ... ég ... ég hitta gestir mmm?

K: Já.

N: Og ég em ... clean?

K: Já, þrifa.

N: Þrifa, já, stundum.

K: Er það skemmtilegt?

N: Em... ja.

K: Já. Eru margir, eru margir gestir núna?

N: Núna, nei.

K: Einmitt. Þetta er góður staður til að búa á.

N: Já.

K: Já, en í, í Húmarhúsinu, hvað ertu að gera þar?

N: Ég e... vaska upp.

K: Mmm...er það gaman?

N: Gaman?

K: Skemmtilegt?

N: Nei, nei. Ekki skemmtilegt.

K: eru Íslendingar að vinna með þér, eða fleiri? [Bankað] Bíddu fyrirgefðu...

K: Já þú ert að vaska upp, ertu að vinna ... um helgar, eða hvað vinnur þú oft ... á Húmarhúsinu?

N: Emm... Tvo dag í vika.

K: Já, einmitt og er mikið að gera í vinnunni?

N: Hum?

K: Er mikið að gera í vinnunni? Er mikið að gera í vinnunni? Er, er erfitt í vinnunni? Mikið að gera á Húmarhúsinu?

N: Ég skilja ekki.

K: Er mikið að gera mikið af diskum a.. að þvo? eru margir gestir sem koma að borða?

N: Já, já, já.

K: Ertu svo að tala svolítið íslensku við fólk á veitingahúsinu?

N: Mmm... já stundum.

K: eru Íslendingar duglegir að tala íslensku við þig?

N: Dug...?

K: Tala þeir oft íslensku við þig?

N: E... nei, nei ekki oft.

K: Hvað gera þeir? Hvað tala þeir?

N: Ensku. Ég tala íslensku með e.. með e... með Gunnar in ...e... gistiheimili.

K: Já.

N: E... og með em... kona hannam og ... og kennari hér.

K: Já, einmitt. Gunnar og konan hans þau búa líka í Bárugötu?

N: Já.

K: Já.

N: Nei, nei. Emm... þeir ... Gunnar is ... is the owner.

K: Já hann er, hann á staðinn. Já, það er mikið að gera hjá þér heyri ég.

N: Já.

K: Mikið að gera í vinnunni og skólanum?

N: Hmm ... mmm...

K: Hefur þú tíma til að fara að hitta vini á kaffihúsi eða...?

N: Emmm.... Nei.

K: Nei.

N: Ég hef ekki tíma að fara ... í ... í kaffi. Eg fara í sund.

K: Ferðu oft í sund?

N: Já, emm... efri..

K: Hverjum..

N: Every day

K: Já, á hverjum degi.

N: Já.

K: Ferðu hérna í vesturbæjar...

N: Já

K: Já, gott að fara í sund.

N: Já.

K: Hefur þú eignast einhverja ... hefur þú eignast vini? Íslendinga, á Íslandi? Áttu íslenska vini?

N: Vini em... nei, nei, nei.

K: Nei. Í ... í íslenskunni hérna í háskólanum, eru fleiri frá Búlagaríu í... í skólanum?

N: Fleiri?

K: Eru fleiri stúdentar? Það ert þú....

N: Emmm...fimm, fimm stúdent.

K: Fimm.

N: Já.

K: Fimm já, á fyrsta ári?

N: E... fjórir á fyrsta ári og e... ein á tvö.

K: Öðru, öðru, öðru ári. Fjórir á fyrsta ári, það er nú svolítið mikið. Já Og eru þeir ... líka svona byrjendur eins og þú, já á fyrsta ári, einmitt. Er einhver ... einhverjir... er hægt að læra ... er hægt að læra íslensku í Búlagaríu?

N: Hægta?

K: Já, er, er, er íslenska kennd í Búlagaríu, veistu það? Er einhver sem er að kenna íslensku í Búlagaríu?

N: Em... That's too difficult.

K: Allt í lagi. Varstu að læra í Háskóla í Búlagaríu áður en þú komst til Íslands?

N: Emm...ég var að læra mm... economics

K: Hagfræði, einmitt. Ætlar þú að fara aftur að, að læra hagfræði, svo? Eða ætlar þú kannski, ætlar þú að læra hagfræði hér á Íslandi, svo?

N: Hagfræði?

K: Economics, hagfræði.

N: Em... já ... já, já.

K: Hvar áttu heima í Búlagaríu? Hvar býrðu?

N: Ég búa í Swistaff. Þetta er em... eitt bjálka em... eitt be.. borg Doná.

K: Já akkúrat. Það er já einmitt og þú komst til Íslands í september sagðir þú....

N: Já.

K: Já, og hefuru, þú hefur aldrei verið á Íslandi áður. Hefur þú komið hingað áður?

N: Hve I been here before?

K: Já.

N: Nei, nei.

K: Skrítið land svolítið.

N: E... ja... humm...

K: Getur þú sagt, getur þú sagt svona hvernig, hvernig finnst þér skrítið? Hvað finnst þér? Hvað er svona mest skrítið? Veðrið kannski?

N: Kannski veður? Emm.. folk. emm... mál...

K: Allt svona nýtt og skrítið. Já, akkúrat. Hvernig finnst þér svo, hvernig finnst þér ganga í íslenskunni? Finnst þér gaman að læra íslensku?

N: Já, ég finnst það gaman. Ég vil að læra íslensku.

K: Þú hefur gaman að náminu, já. Gaman í skólanum. Já, einmitt. Þetta er fínt Toma, ég held að við stopum bara núna.

N: Takk.

### **Tommi 04.11.99**

K: Allt í lagi?

N: Allt í lagi.

K: Ég, ég er svolítið tæknileg. Veistu hvað er að vera tæknilegur?

N: Nei.

K: Nei, vita allt um ...um...um... svona kassettutæki og sjónvörp og tölvur. Tækni.

N: Aha, já.

K: Ég er ekki tæknileg, já. En, en hvað segir þú ... hve.... Hún er fræg ... þessi ... þessi rithöfundur er frægur.

N: Já ... já.

K: Og um hvað skrifar hún?

N: Hann skrifar um ... .. um freedom?

K: Já ... frelsi.

N: Frelsi já ... um frelsi og ... em ... honor.

K: Einmitt ... já ... stolt og ...já, einmitt, akkúrat. Núna, núna verð ég að tala við þig pínulítið lengur af því að það var stopp. Þú verður að tala meira núna.

N: Meira?

K: Já, ertu þreyttur?

N: Hva... hvað meira?

K: Í kannski svona fimm mínútur. Ertu þreyttur?

N: E... þreyttur?

K: Ertu þreyttur já?

N: E...já, já.

K: Ertu þreyttur á mér?

N: Nei, ég er þreyttur að hu... hugsa.

K: Já, ég veit það. En það er gott að tala.

N: Það er gott já.

K: Það er rosalega gott. E... talar þú aldrei íslensku við neinn? Þú talar við fólkið í Humarhúsinu.

N: Já.

K: En talar þú stundum... eins og þegar þú ferð á pöbb og svona...?

N: Em... nei ég tala í heimili.

K: Já, þú gerir það?

N: Já með það... með e... ég tala í símann, stundum, og með e ... gestur ... stundum .

K: Sem eru með þér þarna á gistiheimilinu? Fólkið sem er með þér á ... á gistiheimilinu?

N: Já.

K: Er... þar eru Íslendingar.

N: Já.

K: Hvað eru margir sem búa þarna?

N: Núna?

K: Já.

N: ... Fimm, fimm menn, sex eða sex.

K: Þú og þessi frá Sviss og svo kannski nokkrir Íslendingar.

N: Frá Sviss, frá Íslandi, frá m... Bretlandi ... já ... núna.

K: Og, og þetta eru ... þetta eru bæði strákar og stelpur?

N: Já.

K: Og eru þið öll mikið saman?

N: Nei, nei. Ég er ... ég er mikið saman með strákur, strákur... strákur frá Sviss.

K: Já og þið farið svona saman... þið ætlið að fara í þetta ferðalag á laugardaginn?

N: Já.

K: Á Suðurland. Og farið þið líka saman í bæinn?

N: Í bæinn?

K: Já, þegar þú átt frí hérna... þegar þú átt frí... þegar þú ert ekki að vinna ert ekki í skólanum, þegar þú ert ekki að læra, hvað gerir þú?

N: Em...ég er að ganga ... stundum. Og ... og ... ég er að elda.

K: Þú ert að?

N: Ég er að elda.

K: Elda, já.

N: Elda í eldhúsi.

K: Ja, finnst þér gaman að elda?

N: E... ja.

K: Það er gaman að elda.

N: Pasta og em... súpa, já.

K: En ferðu ekki á... ferðu ekki í bæinn? Á pöbb kannski eða...?

N: Em... ég... ég fer í Dubliner...

K: Dubliners, já

N: Dubliner já stundum. Em... að because?

K: Af því að.

N: Af því að em... vinur minn, Rositsa, er að vinna þarna. Og e ... em... ég er að m... ég ta... ég er að tala með ... hún í búlgörsku

K: Ó, og það er gott. Finnst þér skemmtilegra að tala við Rossitsu búlgörsku heldur en einhvern á íslensku?

N: E... já... já.

K: Já... ég skil þig vel. Já, það er gott að hafa, hafa Rossitsu.

N: Já.

K: Hittir þú líka vini þína ... hérna... e... hvað heitir hann...?

N: Norod og Marin.

K: Já.

N: Em... .. ég hef þá ekki hittir em... í viku.

K: En þið hittist stundum?

N: Hum?

K: Þau eru líka vinir þínir? Þú hittir þau stundum?

N: Nei, nei.

K: Nei. Alls ekki.

N: Stundum ... stundum já.

K: Stundum, já einmitt. Nú mátt þú fara. Þú þarft ekki að tala meira. Nú ætla ég að vera góð við þið og segja að þú mátt fara.

N: Góð við þig?

K: Ég ætla að vera góð við þið.

N: He...

K: Þú mátt segja bless og hætta að tala.

N: Allt í lagi.

K: Þú ert þrey... þú ert þreyttur núna.

N: Já.

K: Það er stundum erfitt ... að tala. En það gengur svo vel, já. Gengur vel að tala íslensku.

N: Me... það er erfitt að skrifa... ritað mál er erfitt fyrir mig, já. Mjög erfitt.

K: Betra, betra að lesa?

N: Lesa?

K: Er betra að lesa?

N: Já, já.

K: Allt í lagi.

N: Em... það er betra þegar þegar þú skilja, já.

K: Það er það ... og þú skilur vel.

N: Vel?

K: Já þú skilur vel ... understand?

N: Já, kannski

K: Jæja þetta er alveg stórfínt, nú nú...

**Tommi 02.12.99**

K: Er ekki annar desember í dag?

N: Hum?

K: Er annar desember í dag?

N: Já.

K: Hvað segir þú gott í dag?

N: A... bara fínt. Já.

K: Ertu, ertu búinn alveg í skólanum?

N: Já.

K: Ekki tími á morgun?

N: Á morgun. Nei ekki tími.

K: En ertu stressaður fyrir prófið?

N: A... já pínulítið

K: Af hverju?

N: Af því at ... ég er ekki viss ... að ég... ég er búinn taka prófið.

K: Það verður allt í lagi í talaða málinu. Ég veit það.

N: Humhum.

K: Þú þarft ekki að vera stressaður. Þetta verður fínt.

N: Það kemur í ljós.

K: Það kemur í ljós. Ég veit það. Ég er kennarinn þinn og ég veit að það er allt í lagi. Bara ef þú talar eitthvað þínu. Ertu svo að fara heim ... um jólin?

N: A... nei... nei....

K: Hvað ætlar þú að gera um jólin?

N: Ah... a... í gistiheimili ég ... ég hi... hitti ... ég hitti ein strákur frá ... Sweden?

K: Svíþjóð.

N: Svíþjóð já. ...Og em... og við e... ætla að... við ætla að verða saman ... í jólin...

K: Borða saman?

N: Borða saman já. Og ... og elda saman.

K: Þér finnst svo gaman að elda.

N: Já.

K: Já, þú sagðir mér það einu sinni.

N: Já.

K: Og hvað ætlar þú að elda?

N: Ég ætla að elda... góður sko jólabrauð. Með... sem er með ... með herna ... inni í brauðin ... já. Og e...

K: Svo fær fólk pening þegar það borðar.

N: Já, já. Og em... þetta er fyrir... for luck...?

K: Fyrir?

N: Luck.

K: Já, fyrir, fyrir, fyrir ... gæfu.

N: Já og heilsu.

K: Og heilsu.

N: Í næstu ár.

K: Í fyrra bakaði Rositsa fyrir okkur.

N: Hu hum...

K: Og þá var skrifað eitthvað.

N: Já, já.

K: Ég fékk svona tónlist.

N: Já.

K: Já, það var mjög fallett. Skemmtilegt. En... en þú ætlar ab... þú ætlar að baka jólabrauð og hvað ætlar hinn að koma með?

N: Jólabrauð... kannski ... kannski grænmetissúpa. og... .. he...

K: Þú veist ekki hvað e... meira.

N: Já.

K: Það er allt í lagi. Nei.

N: Nei

K: Ég var að æfa mig heima.

N: Nei

K: Nei.

N: Nei.

K: Nei.

N: Já.

K: Já. Þetta er sniðugt. Ég var að segja litlu frænku minni þetta og við vorum að æfa okkur. Nei.

N: Nei.

K: Hún er fimm ára. En, en svo ætlar þú að vera eftir áramótin. Þú kemur... þú... þú ert að læra líka í skólanum í janúar?

N: Já.

K: Já. Ætlaru... ætlar þú að gera eitthvað skemmtilegt ... í desember og janúar ...?

N: Í desember...

K: Fara eitthvað?

N: Em... .. Kannski ... kannski ég er að fara í ... Bláa ...bláa ... blue lagoon

K: Lónið.

N: Já Bláa lónið ... og Gullfoss og Geysir.

K: Ætlar þú að skoða?

N: Hum hum.

K: Þetta er fínt. Þetta er alveg frábært í dag. Við erum bara búin.

**Tommi 23.05.2000**

K: Svona...



N: E... smákökur.

K: Ég var að baka.

N: Já.

K: Nei... ég var ekki að baka. Hvað segir þú gott?

N: Fín bara ... já.

K: Ertu að vinna mikið núna?

N: Já... mikið vinna. E... e... fimm dagar... í viku.

K: Hu hum.

N: Hum... stundum þar er ... mjög erfið.

K: Já... vaska upp.

N: Já.

K: Það er ... það er svolítið erfitt að vera í eldhúsi... á hóteli.

N: Mmm.

K: Mmm.... Er það ekki gaman?

N: Nei... nei... ekkert gaman.

K: Nei... verður þú... verður þú að vinna í allt sumar?

N: M... nei... ágúst er að fara heima... fyrir... þrjár vikur.

K: Kemur svo aftur í haust?

N: Humhum.

K: Og hvað ætlar þú að gera í haust.

N: Læra og læra.

K: Læra og læra og læra og læra. Íslensku?

N: Humhum.

K: Og eitthvað meira? Ekki að fara í eitthvað eitt fag?

N: Ég held... ég á ekki... ekki tíma til að læra... eitthvað meira.

K: Nei.

N: Já.

K: Það er gott að vera bara í íslensku. Það er fínt.

N: M... m... Kannski á n... næstu ári.

K: Já, einmitt. Þú ætlar að reyna að vera hér að læra... í háskólanum... fara seinna í háskólann hér að læra viðskiptafræði eða eitthvað...

N: Hum.

K: Já. Ertu hérna... er... er... þig langar að vera í útlöndum að læra.

N: Já.

K: Af hverju langar þig að vera hér?

N: Það er gaman.

K: Já... bara af því að það er gaman. Ekki gott að vera heima?

N: Ekki núna.

K: Nei, einmitt. En þú ferð heim núna í sumar.

N: Hum hum.

K: Í fyrsta sinn í eitt ár.

N: Já.

K: Og hvað ætlar þú að gera?

N: A... veit ekki. Ah... .. kannski... ég ætla að fara í ... Svartar... haf... já.

K: Mmm... í sólina?

N: Mmhm.

K: Með vinum þínum?

N: Humhum.

K: Æðislegt. Ég ætla kannski að fara á Þingvallavatn. Nei... það er ekki miki... það er ekki svoleiðis sól hér... á Íslandi. En ætlar þú eitthvað að ferðast á Íslandi í sumar?

N: Ég veit ekki. .... Já, kannski.

K: Mm....

N: Við eigum að fara til Blá lónið... eða... Suðurlandi.

K: M... m... já eitthvað á Suðurlandið.

N: Humhum.

K: Hefur þú farið eitthvað?

N: Já, ég var til Gullfoss og Geysir.

K: Hvenær?

N: Aa... í janúar.

K: Fórstu bara einn eða...?

N: Nei, ég var með... með vinum.

K: M... og... og hefur þú farið eitthvað meira?

N: M...

K: Bara verið í Reykjavík um helgar.

N: Já.

K: Fannst þér gott að vera í Reykjavík?

N: ... .. Allt að lagi.

K: Fallega og skemmtileg borg. Er það ekki?

N: Jú.

K: Besta borgin? En hvað ertu búin að vera gera núna... undanfarið?

N: Hvað?

K: Hvað ertu búinn að gera núna... í vor?

N: Hehh...

K: Ekkert?

N: Ekkert...

K: Vinna?

N: Vinna, læra... bara... sofa.

K: Já, einmitt.

N: Ekki mjög skemmtilegt.

K: Ekki skemmtilegt vor?

N: Nei.

K: Af hverju ekki?

N: ... .. Mmm... kannski ég var of mikið upptekinn.

K: Hum hum. Þreyttur.

N: Mmm...

K: M... vinna mikið og lesa mikið, já. Ertu núna að reyna að hvíla þig... reyna að sofa mikið?

N: Já.

K: Eða kannski líka að fara á bari og svona... ?

N: Já, stundum.

K: Já, já... skemmta þér líka. Já, einmitt. Já, já þetta er fínt. E... getur þú núna... hefur þú tíma núna? Einn klukkutíma.

N: Ég er frí.

K: Þú talar ensku... ekki ítölsku eða spænsku?

N: Hum hum.

K: Talar þú spænsku?

N: Bara ensku.

K: Viltu kannski taka próf?

N: Núna?

K: Eða seinna.

N: Má ég taka prófið í ... í júní?

K: Já, já.

N: Já, ókei.

K: Fínt... ekkert mál... bara þegar þú hefur tíma.

N: huhum...

K: Já, það er svo gaman að taka svona próf. Færðu... færðu ekki gesti í júní og júlí... kemur einhver í heimsókn til þín?

N: Nei.

K: Nei... þú verður bara...

N: Vinur minn er kannski að... koma til Íslands í... september... .. en hann... hann em... mátti... líka fara til... að vera hermaður... og það er erfitt núna... hann... hann er að reyna að koma hérna... og hermað... hermenn... eru að reyna að taka... honum...

K: Ætlar hann þá að vera lengi hér?

N: Hvað?

K: Ætlar hann að vera lengi hér?

N: Já... hann er að læra hér...

K: Aha...

N: kannski íslensku líka.

K: Einmitt. Ert þú... hefur þú verið í henum?

N: Já.

K: Já þú sagir mér það. Var það... hvernig var það?

N: É... Það... stundum það var skemmtilegt... en stundum mjög leiðinlegt.

K: M... erfitt?

N: Já.

K: Eru þeir ekki vondir við ykkur?

N: Aa...?

K: Eru það vondir menn...

N: Vondir menn...?

K: Já.

N: M... og vitlaus kannski.

K: Ég trúi því. Ég skil ekki her. Ég skil það bara ekki.

N: Nei.

K: Já.... Kannski af því að ég er vitlaus.

N: Nei.

K: Jæja ... þetta er orðið stórfínt. Ég ætla bara að slökkva núna.

N: Hum hum.